GRINDAVÍKURBÆR

JÁRNGERÐUR

- fréttir af bæjarmálefnum - 3. tbl. 2015

Meðal efnis:

- Núvitund í leikskóla og grunnskóla
- Öflugt lærdómssamfélag
- Skipulagsbreytingar
- Liðveisla er skemmtileg
- Ævintýri hjá Hjólakrafti
- Skipulagsmál í Grindavík
- Heimsóknir til Svíþjóðar og Finnlands
- Efnahagsvélin Grindavík
- Ferðamannasprengja

Frístundateymi til að auka fagmennsku í frístundastarfi

Í samræmi við Frístundastefnu Grindavíkurbæjar 2015-2020 hefur frístundateymi verið sett á laggirnar. Fyrsti fundur þess var haldinn fyrir skömmu. Þar var farið yfir tilgang og hlutverk frístundateymis. Í Frístundastefnu Grindavíkur 2015-2020 segir að til þess að auka enn frekar fagmennsku í frístundastarfi Grindavíkurbæjar er mikilvægt að:

• Setja á stofn þverfaglegt teymi í frístundamálum sem í sitja sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs, frístundaleiðbeinandi, forstöðumaður Miðgarðs, yfirþroskaþjálfi og fulltrúar grunnskólans. Fundargerðir verði lagðar fyrir frístunda- og menningarnefnd.

• Frístundateymið hittist reglulega til að bera saman bækur sínar og fara yfir helstu verkefni í frístundamálum út frá faglegum forsendum. Frístundateymið fái reglulega á fund til sín fulltrúa þeirra sem nýta þjónustuna eins og frá Félagi eldri borgara, fötluðum, ungmennaráði, nemenda- og Þrumuráði.

• Lögð verði áhersla á menntun starfsfólks sem kemur að frístundamálum á vegum Grindavíkurbæjar til að efla fagmennsku í starfinu.

• Er vettvangur til að samræma ráðgjöf varðandi frístundastarf eldri borgara, heimsókna til eldri borgara og fatlaðra, vegna einstaklingsbundinna frístundaáætlana fyrir fatlaða, vegna frístundastarfs í Skólaseli, vegna frístundastarfs í félagsmiðstöðinni Þrumunni, Vinnuskólanum, leikjanámskeiðum og vegna annars frístundastarfs á vegum Grindavíkurbæjar.

• Veitir ráðgjöf varðandi aðstöðu frístundastarfs þar sem áhersla er lögð á að nýta húsnæði Grindavíkurbæjar á sem hagkvæmastan hátt.

Á fyrsta fundi var farið yfir frístundastarf vetrarins á vegum Grindavíkurbæjar. Ljóst er að framboðið er þó nokkuð. Aukið hefur verið við starfið í Þrumunni, mikil aukning er í Skólaseli sem hefur sprengt húsnæðið af sér í Hópsskóla, framboð fyrir eldri borgara er fjölbreytt og unnið að því að efla starfið fyrir fatlaða. Rætt um sameiginlega nýtingu á húsnæði, menntun starfsfólks og þá möguleika sem felast í faglegra og öflugra samstarfi.

Samþætting skóla-, frístunda- og íþróttastarfs?

Föstudaginn 20. mars var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni *Tómstundadagurinn 2015* á vegum menntavísindasviðs HÍ sem sviðsstjóri sótti. Þar vakti athygli innlegg Margrétar Halldórsdóttur, fræðslustjóra Ísafjarðarbæjar, undir yfirskriftinni Samþætt skóla- og frístundastarf. Þar fór hún yfir frístundir 1.-4. bekkjar sem fléttaðar eru inn í skólatíma nemenda hjá Ísafjarðarbæ. Sviðsstjóri hafði samband við Margréti og tók í framhaldinu saman minnisblað um málið til að leggja fyrir bæði frístunda- og menningarnefnd og fræðslunefnd til kynningar og umfjöllunar. Þetta rímar vel við nýsamþykkta frístundaáætlun Grindavíkurbæjar en þar segir í áherslum barna og unglinga:

„Samþætting og samvinna verði aukin í nærumhverfi til þess að skapa samfellu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi.“

Frístundateymið fór yfir minnisblaðið og glærurnar frá Margréti og rætt um kosti og galla þessa fyrirkomulags. Frístunda- og menningarnefnd hefur samþykkt á fundi sínum að skoða þennan möguleika. Málið verður einnig tekið fyrir á fundi fræðslunefndar.

Teymið var sammála tillögu sviðsstjóra að frístundateymið kynni sér samþættingu skóla- og frístundastarfs hjá Ísafjarðarbæ og víðar, kosti þess og galla. Í teyminu varðandi þetta mál verði einnig sviðstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs og fulltrúar frá fleiri hagsmunaaðilum eins og UMFG, tónlistarskóla, foreldrafélögum, Skólaseli o.s.frv.

Teymið leggi jafnframt fram verkefnisáætlun um samþættingu skóla- og frístundastarfs, fyrir næstu áramót, með tímalínu og grófri kostnaðaráætlun.

• *Frístundastefnu Grindavíkubæjar 2015-2020 má nálgast á www.grindavik.is*

EINU SINNI VAR...

Þessi mynd gæti verið tekin á árunum 1926-1929 að því er fram kemur á Facebooksíðu Minja- og sögufélags Grindavíkur. Grindvíkingar eru hvattir til þess að senda inn upplýsingar á húsin til félagsins.

Þetta er ein af fjölmörgum gömlum myndum á Facebooksíðu Minja- og sögufélags Grindavíkur.

Þjóðarsáttmáli um læsi

Þann 15. september undirrituðu bæjarstjórar Grindavíkur og Voga og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra Þjóðarsáttmála um læsi. Undirritunin fór fram í Iðunni við hátíðlega athöfn, sem er lýsandi fyrir mikilvægi þessa verkefnis. Sáttmálinn felur það í sér við munum með öllum tiltækum ráðu stefna að því að að minnsta kosti 90% nemenda geti lesið sér til gagns. Við erum langt frá að ná því markmiði í Grindavík, en við getum vel gert það með markvissum aðgerðum. Markmiðinu munum við ekki ná í næstu mælingu, en með markvissri vinnu tekst það.

Við lestrarkennsluna í skólanum er byggt á Lestrarstefnu Grunnskóla Grindavíkur sem var fyrst samþykkt 2012 og notaðar eru ýmsar aðferðir til að þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Til grundvallar er hljóðaaðferðin þar sem áhersla er á að kenna heiti bókstafa og hljóð þeirra sem tengjast saman í orð. Auk þess eru notaðar aðferðir eins og PALS, Orðaspjall, Sögufléttan og Gagnvirkur lestur. Í kjölfar skimana sem fram fara með reglubundnum hætti eru settir saman lestrarsprettir með mismunandi áherslum.

Hér í Grindavík eru allar aðstæður til þess að við getum verið í fremstu röð. Húsnæði eins og best verður á kosið, vel menntaðir kennarar, þekking á kennsluaðferðum og tækjabúnaður eins og best gerist á landinu. Það sem upp á vantar að mínu mati, er að samspilið milli kennslu og æfinga heima fyrir verði betra. Samskipti heimilis og skóla. Að við ræðum hreinskilið og opinskátt um hvaða væntingar nemandinn hefur, og hans markmið. Setjum síðan saman áætlun til að aðstoða hann við að ná sínum markmiðum. Foreldrar, nemandi og skóli. Ekki bara skóli. Ekki bara foreldrar. Og alls ekki bara nemandi.

Að lesa sér til gagns felur í sér að maður geti lesið og skilið texta vel. Að mínu mati ætti viðmiðið að geta lesið sér gamans. Því lestur, eins og önnur sókn í fróðleik, ætti að vera skemmtileg. Þar skiptir aðstoð og hvatning foreldra námi. Til að setja þetta markmið í samhengi, þá er ágætt að horfa til íþrótta. Ekki síst í íþróttabæ eins og Grindavík. Ef foreldrar sýna íþróttum áhuga, er líklegt að börnin geri það. Ef foreldrar sýna sögum, bókum og lestri áhuga, er líklegt að börnin geri það.

Að lesa er undirstaða árangurs í námi. Lestur þarf að æfa, eins og aðra hæfni. Með æfingunni eykst þolið, eins og við líkamsrækt. Það getur nánast hver sem er hlaupið 10 km, gengið á Esjuna eða jafnvel á Hvannadalshnjúk. Ef viðkomandi er ekki með þokkalegt þol til að hlaupa eða ganga, þá mun honum ekki líða vel og ekki njóta ferðarinnar.

Viðkomandi mun missa samferðafólk sitt framúr sér, fá hælsæri og finna til mikillar líkamlegrar og andlegrar þreytu. Það mun taka hann nokkra daga að jafna sig og ekki er líklegt að hann muni reyna svona útivist aftur. Á sama hátt getur nánast hver sem er lesið langa bók með flóknum söguþræði, eins og Njálu eða Hringadróttinssögu. Ef viðkomandi er ekki með góðan lesskilning og í góðu lesformi, þá mun hann ekki njóta lestursins og skilja söguþráðinn til hlýtar. Viðkomandi mun finna til vanmáttar, pirrings og andlegrar óeirðar. Í umhverfi dagsins í dag mun viðkomandi horfa til annarrar afþreyingar sem hefur ekki þessi áhrif og verða afhuga lestri.

Að mínu mati ættum við að horfa á lestrarþjálfun eins og íþróttaþjálfun. Setjum okkur skýr markmið og bætum smátt og smátt við vegalengdina og hraðann. Þá fer okkur að líða vel og sjáum framfarir. Til að ná árangri í íþróttum er ekki nóg að mæta bara á æfingar. Það þarf líka að æfa utan æfinga. Fara út á völl, eða í leiki. Það þarf að ná samspili kennslunnar og þjálfunar heima við. Þar koma foreldrarnir til. Jafnt til að sýna börnum sínum aðhald og til að hvetja þau áfram.

Það hafa allir krakkar gengið í gegnum það að nenna ekki á æfingar, en hafa látið sig hafa það svo þau komist með á næsta íþróttamót. Á sama hátt þurfum við að finna hvað það er sem gerir lestur það áhugaverðan að krakkarnir láta sig hafa það að fara í gegnum erfitt æfingatímabil. Stóra upplestarkeppnin er það kannski fyrir einhverja, en líklega ekki alla.

Það eru til ýmsar aðferðir til þjálfunar, sem hafa sýna kosti og galla. Á sama hátt eru til ýmsar aðferðir til lestrarkennslu, sem hafa sýna kosti og galla. Aðalatriði í öllum aðferðum er hinsvegar áhugi og ástundun. Ef áhuga og ástundun vantar, þá skiptir engu máli hvaða aðferð við beitum. Í stað þess að þræta um aðferðir, þá ættum við að sameinast um að finna leiðir til að auka áhuga og ástundun. Ástundun er einfalt verkefni en krefst aga, annaðhvort stundarðu eða ekki. Hvort sem það er hreyfing eða lestur. Ástundun er hægt að fylgja eftir með einföldum hætti, t.d. með því að allir nemendur lesi og að foreldrar og kennarar kvitti upp á að það hafi verið gert.

Erfiðara er að auka áhuga og kalla ég eftir umræðu um hvernig við getum aukið áhuga á lestri í samfélagi sem býður upp á mikla og auðvelda afþreyingu.

Nýlega voru sýndir þættir á RÚV um kínverskan kennara sem tók að sér að bæta námsárangur barna af erlendum uppruna. Kennarinn er reyndar gift Íslendingi, svo við náum tengingunni hingað heim.

Niðurstaða hennar vinnu var, svo ekki verði um villst, að lykillinn er ástundun nemandans og aðstoð foreldra. Nemandi sem vill ná góðum árangri þarf að vinna heima. Nemanda sem gengur ekki vel í námi, þarf að æfa meira heima en meðalnemandinn og fá meiri stuðning foreldra. Aftur er skýr samanburður við íþróttir. Ef ég ætla að ná sama árangri í hlaupum og Kári Steinn, þá þarf ég einfaldlega að æfa meira en hann. Það ætla ég hinsvegar ekki að gera, heldur nýta tíma minn frekar í lestur og hlaupa aðeins minna.

Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri

Öflugt lærdómssamfélag

Í Grunnskóla Grindavíkur fer fram metnaðarfullt starf sem er stöðugt í þróun. Sífellt er verið að leita leiða til að hlúa að námsumhverfi nemenda, auka fjölbreytni skólastarfsins og bæta námsárangur.

Eitt af meginverkefnum skólaársins er aukið upplýsingastreymi milli skólans og heimilanna. Fyrsta skrefið var þing sem haldið var með foreldrum í júní. Niðurstöður þess eru síðan nýttar í umbótaáætlun sem lögð verður fram og kynnt í fræðslunefnd nú í september.

Á fyrsta skóladegi komu nemendur með foreldrum til viðtals hjá umsjónarkennara. Í þessu viðtali gefst tækifæri til að ræða sérstök málefni sem mikilvægt er að hafa í huga frá fyrsta degi. Í viðtalinu er nemendum hjálpað við að setja sér námsmarkmið í upphafi skólaárs. Samskiptadagar skólaársins eru þrír auk skólasetningardags, í október, janúar og apríl. Í vetur verður lögð áhersla á að auka gæði þessara funda með aukinni virkni nemenda og foreldra.

Hafragrautur og ný húsgögn

Í samstarfi við Foreldrafélagið er boðið upp á hafragraut alla morgna. Hafragrauturinn er hollur og saðsamur og góð undirstaða fyrir skóladaginn. Skólinn opnar kl. 7:30 á morgnana á báðum starfsstöðvum og fljótlega upp úr því er hægt að gæða sér á hafragraut.

Í samstarfi við Skólamat er unnið að því að breyta fyrirkomulagi matarskömmtunar þar sem lögð verður áhersla á að nemendur skammti sér sjálfir á diska. Þannig aukum við sjálfstæði nemenda og minnkum raðir í mötuneytinu.

Áfram er unnið að því að gera allt húsnæði skólans nemendavænna. Á hverju ári bætast við sófar og vinnuborð á ganga. Húsgögnin skapa notalega umgjörð um starfið ásamt því að gefa nemendum og kennurum tækifæri til að nýta öll svæði í skólanum til náms.

Ný húsgögn hafa mælst vel fyrir.

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

Ungmennagarður og tölvur

Nokkrar breytingar voru gerðar á skólalóðinni á Ásabrautinni í sumar þegar vinna hófst við Ungmennagarð í samstarfi við ungmennaráð og félagsmiðstöðina Þrumuna. Í sumar voru sett upp aparóla, útigrill og útiskýli. Allt nýtist þetta nemendum í frímínútum auk þess sem þarna skapast meiri möguleikar fyrir kennara að skipuleggja útinám. Þau leiktæki sem tekin voru niður verða geymd hjá áhaldahúsi Grindavíkurbæjar í vetur þar sem þau verða yfirfarin og þeim síðan komið aftur fyrir á nýjum stað á skólalóðinni næsta vor.

Markvisst hefur verið unnið að því að færa tölvumálin í það horf að þau standist kröfur nútímans. Á síðasta skólaári var áherslan á ytri umgjörð og tæknivæðingu kennaranna. Lögð var áhersla á að búa í haginn fyrir flestar tegundir tækja. Við sjáum fyrir okkur í framtíðinni að nemendur geti notað sín eigin tæki og nýtt þau í skólastarfinu samhliða því að nemendur og starfsmenn hafi aðgang að tækjum í skólanum á skólatíma. Áhersla er lögð á ábyrga netnotkun, að fylgjast með nýjustu tækni og nýta tækin í þágu náms. Gerðir eru samningar við nemendur og foreldra um notkun tækja. Í vetur verður áfram lögð áhersla á að fjölga tækjum sem nemendur hafa aðgang að um leið og nemendur fá tækifæri til að koma með sín eigin tæki í skólann.

Skák er nú inni í stundatöflu nemenda.

Vinaliðar

Vinaliðaverkefnið sem prufukeyrt var síðastliðið vor gaf góða raun og heldur því áfram í vetur. Markmið vinaliðaverkefnisins er að stuðla að fjölbreyttari leikjum í námshléi að morgni, leggja grunn sem gerir nemendum kleift að tengjast sterkum vinaböndum, minnka togstreitu milli nemenda, hampa góðum gildum, svo sem vináttu, virðingu og því að allir fái að taka þátt. Vinaliðar eru valdir tvisvar á skólaárinu í 2. – 6. bekk í leynilegu vali innan bekkja. Lögð er áhersla á að vinaliðar, sem valdir eru sýni öðrum nemendum bæði vináttu og virðingu. Vinaliðar fá kennslu og þjálfun á leikjanámskeiðum sem Vinaliðaverkefnið stendur fyrir. Á námskeiðunum fá vinaliðarnir fyrirlestra um hvernig þeir geta hvatt aðra nemendur til þátttöku, verið vinalegir og fullir virðingar. Vinaliði ber síðan ábyrgð á því að koma verkfærum og áhöldum á leikstaðina í frímínútum og koma þeim aftur á sinn stað að leik loknum. Haldnir eru reglulegir fundir með vinaliðum þar sem leikir eru skipulagðir. Vina-

liðaverkefnið er eitt af uppbyggjandi verkefnum okkar til að bæta skólaandann.

Dans, leiklist, núvitund og jóga

Allir nemendur á yngsta og miðstigi fá í vetur tækifæri til að læra dans. Nemendur 1. – 4. bekkjar fá kennslu í dansi. Nemendur 4. bekkjar fá í vetur skákkennslu einn tíma á viku og í 5. og 6. bekk geta nemendur valið á milli þess að fara í dans eða að tefla einu sinni í viku. Einnig er boðið upp á skákklúbb einu sinni í viku og skákkennarinn er með 1 tíma í viku í tengslum við starfsemi Skólaselsins.

Leiklist er ein af smiðjunum í 6. bekk í vetur. Smiðjutímarnir skiptast því á milli tæknimenntar, textílmenntar, heimilisfræði, myndmenntar og leiklistar. Einnig verður boðið upp á kennslu í framsögn í 4. og 5. bekk í samstarfi við umsjónarkennara. Námskeið í núvitund er í smiðjum í 1. – 3. bekk auk kennslu í myndmennt, textíl og tæknimennt. Núvitundin er hluti af þróunarverkefni sem skólinn tekur þátt í með leikskólanum Króki. Markmið verkefnisins er m.a. að innleiða núvitund í leikskóla og yngstu bekki grunnskóla með það að markmiði að efla tilfinngalegt jafnvægi, jákvæða félagslega hegðun og vellíðan bæði nemenda og kennara.

Hjólakraftur

Hjólakraftur er verkefni sem fór af stað í fyrra í samstarfi við forvarnarnefnd Grindavíkurbæjar og Þrumuna og er framhaldið í vetur. Markmið verkefnisins er að virkja vanvirka einstaklinga og fá þá til að komast upp úr þeim hjólförum sem eru hamlandi. Þátttakendur í Hjólakrafti hjóla tvisvar í viku og lögð er áhersla á samstarf og þátttöku foreldra í verkefninu.

Breytingar á stundatöflum

Í stundaskrárgerðinni settum við okkur þau markmið að samræma lok skóladags á hverju stigi fyrir sig, að hafa föstudaginn stuttan hjá öllum og fækka eyðum hjá elstu nemendum. Á yngsta stigi lýkur kennslu alla daga kl. 13:10, elsta stigið lýkur skóla kl. 15:00 á mánudögum og 14:00 þriðjud. – fimmtud. Starfi á miðstigi lýkur kl. 14:20 einn dag vikunnar, kl. 13:40 þrjá daga. 4. bekkur lýkur skóla alla daga nema föstudaga kl. 13:40. Öllu skólastarfi með nemendum lýkur kl. 13:10 á föstudögum.

Hafragrautur er í boði fyrir nemendur frá kl. 7.30 á morgnana.

Nýtt nemenda- og Þrumuráð.

Breytingar á viðmiðunarstundaskrá á elsta stigi

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna viðmiðunarstundaskrá sem hver skóli hefur til viðmiðunar við uppsetningu námsins og skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Viðmiðunarstundaskráin gerir ráð fyrir ákveðnum mínútufjölda sem nemendur eiga að fá á hverju aldursstigi. Það er síðan hlutverk hvers skóla fyrir sig að útfæra hversu miklum tíma er varið í hverja grein fyrir sig innan þessa ramma. Gert er ráð fyrir sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga en útfærslu á viðmiðunarstundaskrá skal birta í starfsáætlun skólans.

Þær breytingar verða á viðmiðunarstundaskrá elsta stigs í vetur að íslenskutímar verða 5,5 kennslustundir á viku í stað 5 áður auk lestrarstunda sem eru 3 x 20 mínútur í upphafi skóladags. Kennslustundum í stærðfræði fjölgar úr 5 í 6. Bætt var inn í stundatöflu verkefnatímum þar sem nemendur hafa aðgang að kennurum og eiga að vinna í verkefnum og/eða heimanámi. í þessum tímum er lögð áhersla á að kenna nemendum að skipuleggja nám sitt. Verkefnatímar eru mislangir frá 20 mínútum og upp í 80 mínútur í senn. Allir bekkir fá verkefnatíma á móti sundskipulagi svo ekki myndast eyður í stundatöflu nemenda í tengslum við ferðir í íþróttahús. Til þess að koma á þessum breytingum var ákveðið að breyta fyrirkomulagi íþróttakennslu þannig að nemendur fara í íþróttatíma einu sinni í viku 60 mínútur í senn í stað tvisvar í viku í 40 mínútur. Í vetur verða ekki fastir tölvutímar en lögð áhersla á að nemendur hafi aðgang að tölvum í verkefnatímum og læri á tölvur í gegnum verkefnavinnuna. Einnig mega nemendur hafa með sér eigin tölvur í skólann.

Líf og fjör í Hópsskóla, starfsstöð fyrir 1.-3. bekk.

Tækifæri með auknu samstarfi

Í skólastefnu Grindavíkurbæjar er lögð áhersla á samstarf og tengsl þeirra aðila sem fara með málefni barna í Grindavík. Grunnskóli Grindavíkur er í samstarfi við fjölmarga aðila í okkar samfélagi. Kennarar skólans leita víða fanga og mörg samstarfsverkefni líta dagsins ljós í skólastarfinu. Samstarfið gerir okkur kleift að efla skólastarfið og auka gæði námsins. Mikilvægast er samstarf okkar við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu. Í samvinnu við foreldra er tækifæri til að búa nemendum öflugt lærdómssamfélag.

Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri

Skipulagsbreytingar hjá skóla- og félagsþjónustu Grindvíkurbæjar

Í byrjun júní sl. létu af störfum hjá Grindavíkurbæ þær Bjarnfríður Jónsdóttir, sérkennslufulltrúi og Guðný Sigfúsdóttir, þroskaþjálfi en þær störfuðu hjá skóla- og félagsþjónustu Grindavíkurbæjar. Sitja þær nú í helgum steini. Á sama tíma lá fyrir að Ragnhildur Birna Hauksdóttir, leikskólafulltrúi myndi hverfa til annarra verkefna á haustdögum.

Að gefnu tilefni var tekið til skoðunar hvort skynsamlegt væri að endurmeta skipulag skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins innan ramma þeirra stöðugilda sem fyrir hendi voru.

Í kjölfar þeirrar skoðunar voru gerðar tillögur um breytt skipulag skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins og þær lagðar fram í fræðslunefnd og félagsmálanefnd, auk bæjarráðs.

Helstu breytingar samkvæmt nýju skipulagi eru eftirfarandi:

• Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur tekur við aukinni ábyrgð og verkefnum í þjónustu við grunnskóla, þ.m.t. ráðgjöf og eftirlit með faglegum þáttum skólastarfsins.

• Hanna D. Bizouerne hefur verið ráðin í 50% starfshlutfall sálfræðings með þau meginverkefni að sinna greiningu og ráðgjöf barna í leik- og grunnskóla, auk eftirfylgni með úrbótum og mati á árangri.

• Sigurlína Jónasdóttir, hefur verið ráðin í 60% starfshlutfall leikskólafulltrúa og sinnir að meginstefnu til sömu verkefnum og fráfarandi leikskólafulltrúi, þ.m.t. starfi daggæslufulltrúa sveitarfélagsins. Kemur hún til með að hefja störf 1. nóvember nk og verður kynnt í næsta blaði.

• Þá hefur verið ráðin til starfa hjá sveitarfélaginu Hildigunnur Kristinsdóttir, talmeinafræðingur í 40% starfshlutfalli en þeirri þjónustu var áður sinnt á grundvelli verksamnings. Með tilkomu ráðningarsambands liggur fyrir að unnt sé að auka þennan þjónustuþátt frá því sem var. Að auki verður aðgengi foreldra að þeirri þjónustu talmeinafræðings sem sinnt er á grundvelli sjúkratryggginga greiðari en áður þar sem viðkomandi talmeinafræðingur kemur til með að bjóða upp á slíka þjónustu innan marka sveitarfélagsins.

Þegar framangreindu sleppir er enn svigrúm til að ráða í stöðu sérfræðings hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins og hefur verið auglýst eftir starfsmanni með mikla reynslu af vinnslu barnaverndarmála auk þess að geta sinnt sértækri foreldraráðgjöf á grundvelli hugmyndafræði PMTO.

Samhliða hefur ábyrgð á sértækri þjónustu gagnvart fötluðum börnum verið færð undir verksvið Hlínar Sigurþórsdóttur, þroskaþjálfa en þar er m.a. um að ræða þjónustu stuðningsfjölskyldna, skammtímavistanir, sumarúrræði, auk sértækrar ráðgjafar.

Skólasálfræðingur

Hanna Dorothéa Bizouerne er nýr skólasálfræðingur hjá Grindavíkurbæ. Hún hóf störf 14. september og verður í 50% stöðu. Hún kemur frá Reykjavík. Hanna útskrifaðist sem sálfræðingur frá Háskóla Íslands s.l. vor. Hún hefur reynslu frá skammtímavistun sem stuðningsfulltrúi barna með fatlanir. Einnig sem barnasálfræðingur hjá Sálfræðingum Höfðabakka þar sem hún sinnir meðferðarvinnu með börnum og unglingum samhliða störfum í Grindavík. Þar hefur Hanna góða reynslu af ráðgjöf til foreldra yngri barna sem mun nýtast í störfum hennar innan skólanna. Svo hefur Hanna reynslu af starfsnámi á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Hanna kennir í hlutastarfi við HÍ áfanga um foreldraþjálfun. Vinnutími Hönnu er á þriðjudögum og miðvikudögum og svo annan hvern föstudag. Hún hefur viðveru í leik- og grunnskólum samkvæmt ákveðnu skipulagi. Verkefni hennar snúast að greiningum á frávikum nemenda og eftirfylgni með áætlunum í kjölfar greininga.

Talmeinafræðingur

Hildigunnur Kristinsdóttir kemur úr Reykjanesbæ og er nýráðin talmeinafræðingur hjá Grindavíkurbæ. Hún hóf störf 2. september og er í 40% stöðu hjá skólaþjónustunni. Að auki starfar hún sem sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur og verður með talþjálfun á föstudögum í Grindavík. Hildigunnur útskrifaðist árið 2007 með BA próf í almennum málvísindum og eftir útskrift starfaði hún sem deildarstjóri á leikskóla í Reykjanesbæ og sem aðstoðarmaður talmeinafræðinga á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Árið 2012 útskrifaðist hún með MS í talmeinfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur unnið á stofunni Talþjálfun Suðurnesja frá útskrift og gerir enn samhliða störfum hjá Grindavíkurbæ. Einnig hefur Hildigunnur reynslu frá störfum á Reykjalundi og naut þar handleiðslu eftir útskrift. Vinnutími Hildigunnar er á miðvikudögum og fimmtudögum. Þá sinnir hún greiningum og ráðgjöf er varða mál og tal.

Liðveisla er gefandi starf

Hín Sigurþórsdóttir forstöðuþroskaþjálfi, Valgeir Jensson og Stefanía S. Jónsdóttir deildarstjóri öldrunarþjónustu.

Liðveisla er gefandi og skemmtilegt starf sem hentar vel námsfólki. Markmið almennrar liðveislu er að veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun hins fatlaða einstaklings sem á samkvæmt 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 rétt til liðveislu. Hlutverk liðveitanda er mjög fjölbreytt og snýr meðal annars að því að virkja viðkomandi í athöfnum daglegs lífs og veita honum aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Liðveitandi aðstoðar viðkomandi að setja sér markmið sem snýr að því að rjúfa félagslega einangrun, auka virkni og þjálfun með það að leiðarljósi að viðkomandi verði sýnilegur í samfélaginu á sínum eigin forsendum.

Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðu fólki frekari liðveislu sem felur í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs. Frekari liðveisla miðar einkum að því að gera viðkomandi kleift að búa sjálfstætt og kemur til viðbótar almennrar liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu.

Umsókn um liðveislu fer fram rafrænt á heimasíðu Grindavíkurbæjar *www.grindavik.is* en einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað í afgreiðslu á bæjarskrifstofu 2. hæð.

Við leggjum ríka áherslu á að vera í góðu samstarfi við liðveitendur og þiggjendur hennar. Við upplýsum liðveitendur okkar reglulega um hinar ýmsu frístundir sem hægt er að sinna hér í bænum og á þá viðburði sem eru í gangi hér og í nærumhverfi okkar.

Ef þú vilt tilheyra skemmtilegum hópi og veita góðan félagsskap með þinni nærveru þá er starf liðveitanda mjög gefandi og skemmtilegt. Við auglýsum eftir fólki til að sinna starfi liðveitenda í tímavinnu. Um óreglulegan vinnutíma er að ræða. Allir umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og er æskilegt að viðkomandi sé með bílpróf. Laun eru samkvæmt liðveislutaxta og kjarasamningi Verkalýðsfélags Grindavíkur og við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Vert er að geta þess að þeir umsækjendur sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurnesja gefst kostur á að fá einingar fyrir það að sinna starfi liðveitenda. Hver eining miðast við ca. 20 klst. á hverja önn og gefur þetta einnig svigrúm til að taka fleiri einingar í takt við aukinn tímafjölda.

Nánari upplýsingar veitir Hlín Sigurþórsdóttir í síma 420-1100/426-9909 eða á netfanginu *hlin.s@grindavik.is* og Stefanía Sigríður Jónsdóttir í síma 426-8014 eða á netfanginu *stefania@grindavik.is*.

Hlín Sigurþórsdóttir forstöðuþroskaþjálfi á heimilinu við Túngötu 15-17, mun sinna málefnum fatlaðs fólks yngri en 18 ára. Hún verður með aðstöðu á Skólaskrifstofu Grindavíkurbæjar, 3. hæð tvo daga í viku. Hægt er að ná í Hlín í síma 420-1100/426-9909 eða á netfanginu *hlin.s@grindavik.is*. Viðtalstímar verða auglýstir fljótlega.

Leikskólinn Laut verður fimm deilda

Miklar framkvæmdir standa nú yfir við leikskólann Laut en þann 26. ágúst síðastliðinn hófust framkvæmdir vegna útistofu á lóð leikskólans. Líkt og myndirnar sýna hafa Lautarbörnin sýnt þessum framkvæmdum mikinn áhuga. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið 1. október ef að allar áætlanir standast.

Með þessari viðbót verður leikskólinn Laut fimm deilda leikskóli og heildarfjöldi nemenda um 120. Í útistofunni verða yngstu nemendur leikskólans og áætlaður fjöldi barna er sextán og starfsmenn fjórir.

Með þessari viðbót er komið á móts við fjölgun barna á leikskólaldri hér í bæ, enda er Grindavík góður bær.

Heimastofur leikskólans bera nöfn húsa hér í Grindavík líkt og Hlíð, Hagi, Eyri og Múli. Við viljum kalla eftir hugmyndum um nafn á útistofuna sem vísa í húsaheiti hér í bæ. Vinsamlegast sendið ábendingar á netfangið: *frida@grindavik.is*

Ungviðið fylgist spennt með framkvæmdunum.

Nýja útistofan hífð inn á lóðina.

Könnun um hagi og líðan unglinga í Grindavík 2015:

Nærsamfélagið í lykilhlutverki í fornvarnarvinnu

Ár hvert er lögð fyrir könnum hjá nemendum í 8. - 10. bekk grunnskólans þar sem lagðar eru fyrir spurningar um hagi og líðan nemendanna. Annað hvert ár er lögð fyrir sambærileg könnun hjá nemendum í 5. – 7. bekk. Helstu niðurstöður verða birtar í þessari grein.

Rannsóknin er framkvæmd af Rannsóknum og Greiningu ehf. Í febrúarmánuði sl. var könnunin lögð fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og bárust niðurstöður í vor. Spurt var um neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við neyslu ungmenna sem búa utan bæjarfélagsins. Einnig var spurt út í líðan í skólanum. Rannsóknin hefur verið kynnt fyrir Forvarnarteymi Grindavíkurbæjar, frístunda- og menningarnefnd, skólastjórnendum og á foreldrafundi 10. bekkjar.

Mælitæki rannsóknarinnar eru ítarlegir spurningalistar, annars vegar fyrir nemendur 8. bekkjar og hins vegar nemendur 9. og 10. bekkjar, sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi.

Samtals fengust gild svör frá 3435 nemendum í 8. bekk, 3509 nemendum í 9. bekk og 3421 í 10. bekk (bekkur ótilgreindur: 75 einstaklingar). Heildarsvarhlutfall á landsvísu var 83,4%.

Í Grindavík fengust gild svör frá 34 nemendum í 8. bekk, 45 nemendum í 9. bekk og 41 nemendum í 10. bekk, en heildarsvarhlutfall í Grindavík (120/143) var 84%.

Vakin er athygli á því þegar talað er um bekkina þá er það eins og þeir voru í vor; árgangar, 1999, 2000 og 2001.

Vímuefnaneysla:

Daglegar reykingar:

Hlutfall nemenda sem reyktu daglega síðastliðið vor var 2% hjá nemendum í 10. bekk, 0% hjá nemendum í 8. og 9. bekk sem er til fyrirmyndar.

Munn- og neftóbaksnotkun:

Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem höfðu notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina mældist 0% hjá nemendum í 9. bekk og 2% hjá nemendum í 10. bekk. Til samanburðar mælist þessi notkun 3% á jafnöldrum þeirra á landsvísu í 10. bekk. Í 8. bekk mældist 0% í Grindavík líkt og á landsvísu.

Töluvert átak hefur verið undanfarin misseri í þá veru að stöðva tóbaksnotkun á íþróttasvæðum Grindavíkur. Árangurinn er í rétta átt. Munntóbak er ólöglegt efni en töluvert hefur borið á því á undanförnum árum að neysla þess sé bundin við íþróttamenn í efstu deildum boltaíþrótta. Íþróttahreyfingin í Grindavík, stjórnarmenn, þjálfarar og leikmenn geta ekki hlaupið undan ábyrgð í þessum málum .



Þróun vímuefnaneyslu unglinga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2015.

Áfengisneysla:

Hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem segja að þau hafi orðið drukkin einu sinni eða oftar um ævina mældist 7% í vor og lækkaði um 8% frá því í fyrra. Hlutfallið landsvísu er 13%. Þessi árgangur er því sannarlega á réttri leið. Hlutfallið í 9. bekk mældist 2% sem er 4% lægra en landsmeðaltal. Hlutfallið í 8. bekk var 3% í Grindavík borið saman við 1% á landsvísu.

Þegar bornar eru saman tölur frá árunum 1997 til 2015 yfir hlutfall nemenda í 10. bekk sem segjast hafa orðið drukknir einu sinni eða oftar um ævina sést að hlutfallið hefur nánast lækkað jafnt og þétt. Mesta mæling var árið 1998 en þá höfðu 79% nemenda neytt áfengis á landsvísu.

Ölvunartíðni nemenda í 8., 9. og 10. bekk í Grindavík mælist 0% þegar spurt er um hvort nemendur hafi orðið ölvaðir sl. 30 daga fyrir könnun.

Neysla annarra vímuefna:

Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar mælist 2% á móti 11% í fyrra sem er mikil og jákvæð lækkun. Landsmeðaltal er 3%. Í 9. bekk var niðurstaðan 0% en í 8. bekk 2%.

Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem segjast hafa notað marijúana einu sinni eða oftar um ævina mælist 2% hjá 8. bekk, 2% hjá 9. bekk og 0% hjá 10. bekk.

Neysla á öðrum ólöglegum vímuefnum eins og amfetamíni og sniffi mælist ekkert í 8. og 10. bekk en smá fikt í 9. bekk.

Hafið í huga:

„Þannig hafa þessar rannsóknir m.a. sýnt að líkur á vímuefnanotkun eru minni fyrir alla unglinga í nærsamfélögum þar sem foreldrasamvinna er mikil, en ekki bara fyrir þá einstaklinga sem eiga foreldra sem eru virkir þátttakendur í foreldrasamvinnu. Þessar rannsóknir renna því stoðum undir mikilvægi

þess að leggja áherslu á nærsamfélagið í heild við hvers konar heilsueflingar- og forvarnavinnu meðal barna og unglinga." *(Rannsókn og Greining, 2014).*

Hagur og líðan í 5.-7. bekk

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á fyrir 5.-7. bekk eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsókna & greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar árið 2015. Í heild fengust gild svör frá 10.831 nemanda í 5. til 7. bekk á landsvísu sem jafngildir 85,5% svarhlutfalli. Svarhlutfall í Grindavík var nálægt 90%.

Þar vekur athygli að strákar í 5. bekk segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei vera með foreldrum sínum um helgar en í síðustu könnun fyrir tveimur árum var hlutfallið 22%. Svarhlutfall hjá stelpum í 6. og 7. bekk er það sama. Á landsvísu er svarhlutfallið um 3-6 % hjá báðum kynjum í öllum árgöngunum.

Hlutfall nemenda í Grindavík sem segja það vera frekar eða mjög erfitt fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum þá er það á pari við landsvísu, nema drengir og stúlkur í 6. bekk. 10% drengja og 13% stúlkna eiga erfitt með að fá hlýju frá foreldrum sínum í þessum árgangi en landsmeðaltal 3% hjá báðum kynjum.

Svipaðar niðurstöður í 6. bekk má greina í niðurstöðum um hlutfall nemenda í Grindavík sem segja að þeim líði oftast mjög eða frekar illa heima, einnig þegar spurt er um vini eða vinkonur. Þar sker 6. bekkur sig úr.

Hlutfall nemenda í Grindavík sem segjast oft eða mjög oft hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað mælist 0% hjá öllum strákunum en lítillega hjá stúlkunum. Þarna eru lítil frávik frá landsmeðaltali.

Hlutfall nemenda í Grindavík sem segir það hafa stundum eða oft gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka er svipað og landsmeðaltal, nema í 7. bekk. Hjá báðum kynjum mælist það 5% borið saman við 1% á landsvísu. Grindavík kemur ágætlega út þegar spurt er um að skilja einn krakka útundan.

Hlutfall nemenda í Grindavík sem segir það hafa gerst stundum eða oft í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum er hins vegar áhyggjuefni, sérstaklega í 6. bekk. Það mælist stríðnin 18% hjá strákum og 13% hjá stelpum borið saman við 5 og 4% á landsvísu. Þetta munstur er svipað í öðrum spurningum tengdum þessari hegðun.

Þá er spurt um stríðni með SMS eða á samfélagsmiðlum og hún er ekki fyrir hendi nema hjá 7. bekk, sérstaklega hjá strákum.

Þegar spurt var hvort einhverjum krakka var strítt s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum þá mælist ekkert slíkt í 6. bekk sem er ákaflega gleðilegt, en í kringum 10% í 5. bekk og 5% í 7. bekk (aðeins hjá strákum).

Spurt var hvar nemendum er helst strítt í grunnskólanum og nefndu flestir í frímínútum á skólalóðinni, sérstaklega í 5. bekk. Einnig á göngunum.

Þá var spurt út í námið og þar fannst drengjum í 7. bekk námið oft eða alltaf vera of erfitt, eða 29% á mót 10% landsmeðaltali sem

vekur athygli og er áhyggjuefni. Aðrir bekkir voru á pari við landsmeðaltal. Hins vegar vekur athygli að drengjum í Grindavík í 5.-7. bekk finnst námið talsvert léttara en öðrum drengjum á landsvísu. Alls 33% drengja í 5. bekk finnst námið oft eða alltaf létt borið saman við 19% á landsvísu. Stelpur í 6. bekk í Grindavík skera sig þó úr með 40% borið saman við 12% á landsvísu. Nemendum í 6. bekk í Grindavík, stúlkum og drengjum, líður verr í kennslustundum en jafnaldrar á landsvísu, eða 20% (bæði kyn) borið saman við 11% (strákar) (9% stelpur). Þá líkar nemendum í Grindavík almennt vel við kennarana sína líkt og jafnaldrar á landsvísu, sérstaklega strákarnir.

Íþróttaiðkun stúlkna á Grindavík á þessu aldri er í sérflokki. Hlutfall stúlkna í Grindavík sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi er t.d. 67% í 6. bekk og 60% í 7. bekk borið saman við 51% og 44% á landsvísu. Jafnframt er spurt út í tónlistarnám og þar eru nemendurnir í Grindavík á pari við aðra jafnaldra sína, nema hjá strákum í 5. bekk.

Hlutfall nemenda í Grindavík sem segjast taka aldrei þátt í félags- eða tómstundastarfi er svipað og landsmeðaltal nema að grindvískar stúlkur, sérstaklega í 7. bekk, eru mun duglegri en aðrar á landinu.

Þá vekur athygli hversu lítill bókalestur er hjá nemendum í 5.-7. bekk, sérstaklega hjá strákum (sjá töflu að neðan).

Tafla 9 Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Grindavík verja að jafnaði í að *lesa* bækur (aðrar en skólabækur) á hverjum degi

	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)
5. bekkur	Engum tíma	57,9%	33,3%
	1/2 til 1 klst.	31,6%	64,0%
	2 til 3 klst.	10,5%	2,7%
	meira en 4 klst.	-	-
6. bekkur	Engum tíma	53,2%	33,3%
	1/2 til 1 klst.	31,1%	60,0%
	2 til 3 klst.	15,5%	6,7%
	meira en 4 klst.	-	-
7. bekkur	Engum tíma	58,8%	20,0%
	1/2 til 1 klst.	29,4%	50,0%
	2 til 3 klst.	5,9%	25,0%
	meira en 4 klst.	5,9%	5,0%

Tafla 7 Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Grindavík verja að jafnaði í að vera á netinu (Facebook, Snapchat) á hverjum degi.

	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)
5. bekkur	Engum tíma	35,3%	30,8%
	1/2 til 1 klst.	35,3%	61,5%
	2 til 3 klst.	0,0%	7,7%
	meira en 4 klst.	29,4%	0,0%
6. bekkur	Engum tíma	31,0%	64,3%
	1/2 til 1 klst.	31,0%	28,6%
	2 til 3 klst.	26,2%	7,1%
	meira en 4 klst.	10,5%	0,0%
7. bekkur	Engum tíma	0,0%	25,0%
	1/2 til 1 klst.	57,1%	35,0%
	2 til 3 klst.	33,3%	25,0%
	meira en 4 klst.	9,5%	15,0%

Að lifa HÉR OG NÚ

Þetta skólaár mun Heilsuleikskólinn Krókur í samstarfi við Grunnskóla Grindavíkur vinna að þróunarverkefninu *Hér og nú*. Verkefnið snýst um að innleiða núvitund í leikskóla og yngstu bekki grunnskóla með það að markmiði að efla tilfinningalegt jafnvægi, jákvæða félags-lega hegðun og vellíðan bæði nemenda og kennara.

Í verkefninu verður lögð áhersla á jógaiðkun, núvitund og hugleiðslur aðra hverja viku í hreyfisal og inni á öllum deildum í leikskólanum. Í grunnskólanum verða allir íþróttakennarar með í verkefninu, kennarar í 1. – 3. bekk auk þess sem boðið verður upp á núvitund í vali í efri bekkjum.

Núvitund í menntun ungra barna hefur verið að ryðja sér til rúms síðustu ár og sýna margar rannsóknir fram á að hugleiðsla gefur þeim sem iðkar hana færi á að læra og þekkja sjálfan sig og tilfinningar sínar. Hún eflir félagslegan þroska og stuðlar að jákvæðum samskiptum við aðra. Hún styður jafnframt við námsáhuga barna, eykur einbeitingu þeirra og athygli, minnkar prófkvíða og eykur árangur í námi. Því er til mikils að vinna.

Þetta verkefni er eitthvað sem hefur verið að gerjast í þó nokkurn tíma hjá okkur á Króki. Í mörg ár hefur verið unnið með jóga sem einn lið í samskiptaverkefninu *Rósemd og umhyggju* ásamt því að jógaiðkun tengist bæði andlegri og líkamlegri heilsu samkvæmt heilsustefnunni. Einnig hafa nokkrir kennarar leikskólans stundað saman jóga tvisvar í viku í um sex ár. Margir kennarar skólans hafa fundið jákvæð áhrif jóga og hugleiðslu hvort sem var hjá börnunum, á eigið líf eða í vinnunni.

Í fyrra vor bauð Landlæknisembættið nokkrum kennurum á núvitundarnámskeið í tengslum við þróunarverkefnið *Heilsueflandi leikskóli* sem Krókur tók þátt í. Eftir það vaknaði áhugi á að aðlaga núvitund að samskiptastefnu skólans. Eftir að hafa skoðað rannsóknir um áhrif núvitundar, hugleiðslu og jóga í námi barna urðum við enn sannfærðari um að núvitund væri eitthvað sem við vildum að börnin hefðu í farteskinu í framtíðinni. Í kjölfarið fóru kennarar á námskeið og ráðstefnur um núvitund því þekking þeirra á efninu er forsenda þess að verkefnið skili tilætluðum árangri.

Við upphaf síðasta skólaárs gaf foreldrafélagið leikskólanum fjórar hugleiðsluskálar og notuðum við skólaárið til að þróa okkur í að gera hugleiðslur með börnunum. Það gekk vonum framar og sáum við fljótlega jákvæð áhrif þess bæði á börn og kennara. Börnin áttuðu sig fljótlega á hvað það að hafa ró í smá stund og minnka hugsanirnar væri gott fyrir þau sjálf. Fljótlega kom í ljós að börnin gátu mun meir en búist var við og að þau voru fljót að tileinka sér aðferðirnar. Lögð var áhersla á að börn voru ekki neydd til þátttöku þannig og fengu þau börn að fylgjast með óáreytt, sem er núvitund í sjálfu sér. Reynsla okkar er sú að börnin enda á því að taka öll þátt þó svo þau segist ekki vilja vera með til að byrja með.

Aðal markmiðið með verkefninu er að gefa börnunum tæki í hendurnar. Tæki til að læra að þekkja sjálf sig, líkamann, hugann og tilfinningarnar. Að lifa í núinu er eitthvað sem hver og einn gerir við upphaf lífs en á lífsleiðinni tapa margir þessum eiginleika og einbeita sér að fortíðinni eða framtíðinni í stað þess að njóta augnabliksins. Núvitund snýst ekki um að komast á einhvern ákveðinn stað í lífinu eða í eitthvað ákveðið ástand, heldur snýst þetta um að vera eins og við erum. Með því að iðka jóga og núvitund verðum við meðvitaðri um hugsanir okkar og tilfinninga og lærum að vera til án þess að vera stöðugt að dæma okkur. Með þessu ætti lífshamingja okkar ekki aðeins að eflast heldur lærum við einnig að takast á við lífið hér og nú þegar það getur verið erfitt og óþægilegt.

Harpa R. Hallgrímsdóttir

Ævintýri hjá Hjólakrafti

Glaður Hjólakraftshópur eftir að hafa hjólað hringinn í kringum landið í sumar.

Í byrjun mars hófst forvarnarverkefnið Hjólakraftur en það er hjólaklúbbur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar í samstarfi við grunnskólann.

Umsjónarmaður er reynsluboltinn Þorvaldur Daníelsson hjólagarpur en hann kom til Grindavíkur tvisvar í viku með þeim tíu nemendum í 8. til 10. bekk sem komust í klúbbinn. Verkefnið stóð í þrjá mánuði eða til u.þ.b. 10. júní og tókst ótrúlega vel. Hjólakraftur tók m.a. þátt í Hjólreiðakeppni Bláa Lónsins og í Wow Cyclothon í júní. Í haust var gerð sú breyting að Hjólakraftur var hluti af valinu á unglingastigi Grunnskóla Grindavíkur og kemur Þorvaldur áfram tvisvar í viku.

Markmið verkefnisins er að að virkja vanvirka einstaklinga, fá þá til þess að komast upp úr þeim hjólförum sem eru hamlandi. Það er gert með jákvæðni að leiðarljósi og því að leggja rækt við það sem einstaklingarnir eru sterkir í.

Þorvaldur leggur gríðarlega áherslu á að foreldrar styðji við bakið á unga fólkinu og vill gjarnan að utan þeirra tíma sem hann hjólar með krökkunum að foreldrarnir taki við keflinu og séu virkir.

Þorvaldur þjálfari er gríðarlega ánægður krakkana í Hjólakrafti:

„Það er alveg ljóst að það er gríðarlega mikið spunnið í grindvíska æsku. Styrkleikarnir eru alls konar. Við þurfum að leyfa þeim að njóta sín á þeim sviðum þar sem þau eru sterkust. Það eru forréttindi að hafa fengið að kynnast þeim og taka þátt í einhverju sem er svona jákvætt og uppbyggilegt," segir Þorvaldur.

Hjólakraftur tók þátt í Bláa lóns hjólreiðaþrautinni í byrjun júní ásamt nokkrum foreldrum og stuðningsfólki. Bláa Lónsþrautin er 60 km fjallahjólakeppni og sú stærsta á landinu. Leiðin er mjög krefjandi um fjöll og hálsa á Reykjanesskaganum og fer að mestu leyti fram í Grindavík. Krakkarnir stóðu sig öll frábærlega vel og kláruðu þrautina sem glæsilegt afrek. Fleiri Grindvíkingar tóku þátt í þrautinni. Það voru þau Guðmundur Ásgeir Sigurfinnsson, Kjartan Árni Steingrímsson, Sigurður Ágúst Eiðsson, Björg Þóra Sveinsdóttir og Guðbjörg Ylfa Hammer sem eru í 8.-10. bekk sem tóku þátt fyrir hönd Hjólakrafts. Einng lauk keppninni nemandi í 7. bekk, Fróði Ragnarsson. Með Hjólakrafti hjóluðu einnig foreldrarnir Steingrímur Kjartansson og Birgitta Sigurðardóttir, Hildigunnur Árnadóttir frá Grindavíkurbæ og svo Þorvaldur Daníelsson sem hefur þjálfað Hjólakraft síðustu mánuði og undirbúið þau fyrir keppnina af mikilli eljusemi.

Þar með er ekki öll sagan sögð því Hjólakraftur tók svo þátt í WOW Cyclothon sem er hjólreiðakeppni þar sem hjólað er í kringum Ísland og áheitum safnað til styrktar uppbyggingar Batamiðstöðvar á Kleppi. Alls voru hjóladir 1358 km. Þetta var ótrúlegt ævintýri sem krakkarnir í Hjólakrafti upplifðu í WOW Cyclothon. Þau stóðu öll uppi sem hetjur og stóðu sig frábærlega vel. Þau voru tíðir gestir í sjónvarpsfréttum og eru miklar fyrirmyndir.

Hópurinn vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til Sigurðar Bergmanns fyrir aðstoðina og stuðninginn, til Hildigunnar, starfsfólk bókasafnsins og ýmissa annarra sem hafa lagt hönd á plóginn og verið hvatning fyrir hópinn.

Hjólakraftur er samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar, Grunnskóla Grindavíkur og forvarnarteymis Grindavíkur.

Hjólakraftur Þrumunnar er nú hluti af vali á unglingastigi. Hér er nýi hópurinn ásamt Þorvaldi.

Það skemmtilegasta sem hægt er að gera

Þrjár stúlkur sem eru í Hjólakrafti féllust á að segja okkur frá Hjólakraftsævintýrinu. Þær heita Björg Þóra Sveinsdóttir, Guðbjörg Ylfa Hammer og Stephanie Júlía Þórólfsdóttir.

- Af hverju ákváðuð þið að taka þátt í hjólakrafti?

Björg Þóra: Þetta virtist vera spennandi verkefni. Að hjóla í Bláa Lóns keppninni og Wow hjólreiðakeppninni um landið hafði líka áhrif á val mitt.

Guðbjörg: Vinir mínir héldu að ég gæti þetta ekki en ég vildi sanna það fyrir þeim að ég get allt sem ég ætla mér. Ég læt ekki svona gott tækifæri fara fram hjá mér.

Stephanie: Mér finnst alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt.

- Höfðuð þið eitthvað verið að hjóla áður?

Björg Þóra: Nei, ég hef ekki verið að hjóla svona til að æfa heldur meira svona eins að komast á milli staða.

Guðbjörg: Ég bjó í sveit og þurfti að hjóla á milli staða til að hitta vini mína.

Stephanie: Nei, bara á fótboltaæfingar og svona.

Guðbjörg, Björg Þóra og Stephanie.

- Hvaða þýðingu hafði þetta verkefni fyrir þig?

Björg Þóra: Sanna fyrir sjálfri mér að ég gæti gert þetta og ég gat það.

Guðbjörg: Ég vildi sanna fyrir vinum mínum að mér tókst að gera það sem ég ætlaði mér.

Stephanie: Í byrjun gerði ég og vinkona mín þetta bara til gamans en síðan var þetta bara ótrúlega skemmtilegt.

- Hvernig var að taka þátt í Cyclathoninu og/ eða Bláa Lónsþrautinni?

Björg Þóra: Það skemmtilegast sem ég hef gert hingað til, ég eignaðist helling af vinum úr hópnum.

Guðbjörg: Það var besta tilfinning í heimi þegar ég kom í mark í Cyclathoninu. Mjög góð lífsreynsla að vera með í Hjólakrafti og taka þátt í þessum keppnum.

Stephanie: Ég tók þátt í WOW cyclathon og það var bara algjört ævintýri, að sjá hversu falleg náttúran er og bara að upplifa þetta var æðislegt. Að taka þátt í þessari keppni toppaði sumarið mitt.

- Mundirðu mæla með þessu verkefni fyrir aðra?

Björg Þóra: Já, þetta er lífsreynsla og að sanna fyrir sjálfum sér að ég get þetta því að þetta er mjög erfitt og reynir mikið á mann.

Guðbjörg: Já, það verða allir að skora á sjálfan sig til að þroskast og eignast vini og hafa gaman að því sem við erum að gera.

Stephanie: Já mæli svo innilega með þessu. Þetta er ótrulega gaman og maður verður bara háður því að hjóla. Kynnist öðrum krökkum líka. Að vera í Hjólakraftinum er án efa það skemmtilegasta sem hægt er að gera.

Dagskrá eldri bor

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudag
06:00-12:00 Ganga - Hópið	**06:00-12.00** Ganga - Hópið	**06:00-12:00** Ganga - Hópið
09:00-12:00 Keramik - Miðgarður	**10:00-11:00** Gönguhópur. Hittingur í Miðgarði	**10:00-10:30** Stólaleikfimi -
09:00-11:30 Útskurður - Gamla slökkvistöðin	**10:00-16:00** Billjard o.fl. Útistofa.	**10:00-16:00** Billjard o.fl. Úti
9:30-10:10 Leikfimi - Gjáin í íþróttamiðstöðinni	**13:00-15:30** Postulínskennsla. Aðstoð við ýmsa handavinnu.	**14:00-15:00** Bingó, 2. og 4. mánuði - Miðg
10:00-16:00 Billjard o.fl. Útistofa.	**13:00-14:00** Boccia - Íþróttahúsið.	**16:00-17:00** Línudans 1. og dag dag í mán **byrjendur**. - M
13:00-15:00 Kortagerð. Handavinna. Miðgarður	**16:00-16:50** Vatnsleikfimi. Sundlaugin (12 skipti)	

Dagskrá Félags eldri borgara:

1. Súpukvöld verður 25. september í Miðgarði og hefst kl 1930 boðið verður uppá kjötsúpu. Aðgangur ókeypis

2. Leikhúsferð 17. október 2015. Farið verður í Borgarleikhúsið, að sjá Billy Elliot. Lagt af stað frá Miðgarði kl. 17.30. Aðgangur fyrir sýningu og rútu er 7.000 kr. fyrir manninn. Þátttaka tilkynnist til Hildar Sigurðardóttur í síma 426 7237 eða 862 7924 fyrir 2. október.

3. Dansleikur á Vör 6. nóvember 2015 frá kl 21:00 til kl 24:00. Miðaverð 1.000 kr. Nánar auglýst síðar.

4. Jólahangikjöt í Salthúsinu föstudaginn 4. desember 2015. Nánar auglýst síðar.

5. Billiardstofan í útistofunni við grunnskólann er opin alla virka daga frá 10:00-12:00 og 13:00-16:00. Allir velkomnir.

Nýtt:

Sex vikn
Á þriðju
tudögun
mun sjá
tíma sen
http://gy
kostar 3
Hreyfiv

Konu

Konukv
uppistan

rgara haustið 2015

gur	Fimmtudagur	Föstudagur
ð	**06:00-12:00** Ganga - Hópið	**06:00-12:00** Ganga - Hópið
Miðgarður	**10:00-11:00** Gönguhópur. Hittingur í Miðgarði	10:00-10:30 Stólaleikfimi - Miðgarður
stofa.	**10:00-16:00** Billjard o.fl. Útistofa.	**10:00-16:00** Billjard o.fl. Útistofa.
miðvikudag í arður.	**13.30-16.00** Spil - Safnaðarheimili	**11:00-12:00** Boccia - Íþróttahús
g 3. miðviku-uði. **Fyrir** Miðgarður	**13:00-15:00** Almenn handavinna - Miðgarður	
	16:00-17:00 Vatnsleikfimi í sundlauginni (12 skipti)	

Boccia byrjar 22. sept. Útskurður, postulín, keramik og handavinna byrja 21. sept . Ýmislegt verður í boði í haust, s.s. vatnsleikfimi sem byrjaði 19.á gúst og endar 28. sept., þæfing, kertagerð, körfugerð, tálgunarnámskeið og fleira, verður það auglýst nánar á *www.grindavik.is*. Séra Elínborg kemur til okkar í leikfimi í Miðgarði annan hvern miðvikudag í spjall. Alla virka daga eruð þið velkomin að koma og fá kaffi, spjalla, lesa blöðin, hittast og einnig er aðgangur að tölvum og fleira.
Kær kveðja, starfsfólk Miðgarðs

: Námskeið í Gym heilsu

na námskeið verður fyrir eldri borgara í Gym heilsu. dögum verður leikfimistími kl. 10 og á fimm- n verður kennsla í tækjasal kl. 11. Arna Björnsdóttir um þessa tíma. Einnig er í boði að sækja alla aðra n eru opnir í Gym heilsu á þessu tímabili. Sjá nánar ymheilsa.is/grindavik/ Tímabilið er frá 29. september til 10. nóvember. Námskeiðið 000 kr. Grindavíkurbær greiðir námskeiðið niður um 3000 kr. í tilefni ikunnar.

ukvöld

öld fyrir heldri konur þann 2. október kl. 19.30. Heiðar Jónsson snyrtir verður með nd í Miðgarði. Nánari upplýsingar og skáning í síma 426-8014.

Skipulagsmál í brennidepli

Vinna við deiliskipulag gamla bæjarins hefur staðið frá því um miðjan mars 2013 þegar blásið var til hugmyndasmiðju í Hópsskóla.

Margt er um að vera í skipulagsmálum í Grindavík. Deiliskipulagsvinnan fyrir hafnarsvæðið er að klárast og formlegt auglýsingaferli fyrir gamla bæinn fer að hefjast. Í þessari grein er stuttlega farið yfir stöðu þessara tveggja skipulagsáætlanna, hvað hefur breyst og hver næstu skref eru. Einnig eru í vinnslu aðrar deiliskipulagsáætlanir t.d. fyrir Brimketil, miðbæjarsvæðið og fiskeldi á Stað.

Hafnarsvæðið, miðbær II

Meginmarkmið sveitarfélagsins við gerð deiliskipulags fyrir hafnarsvæðið er að setja ramma um hafnarstarfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Vinna við gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins hófst sumarið 2013. Hafnarsvæðið hýsir stærstu atvinnugrein bæjarins, sjávarútveginn og má segja að höfnin sé hjarta Grindavíkur.

Virkt samráð er lykillinn að góðu skipulagi og hefur Grindavíkurbær lagt mikla áherslu á samráð við skipulagsgerð almennt. Við vinnslu deiliskipulags hafnarsvæðisins hefur verið haft samráð við íbúa Grindavíkur, atvinnurekendur á svæðinu og hafnarstjórn frá fyrstu stigum til dagsins í dag. Haldin var hugmyndasmiðja í Kvikunni þann 29. mars 2014 þar sem íbúum Grindavíkur gafst kostur á að koma með hugmyndir og athugsemdir. Í kjölfar hennar var gefin út greinargerð á netinu þar sem niðurstaða smiðjunnar var tekin saman. Skipulagslýsing var svo samþykkt í bæjarstjórn í júní 2014 og auglýst í tvær vikur. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Samgöngustofu.

Næsta skref í ferlinu var að samþykkja deiliskipulagstillöguna til forkynningar. Tillagan var samþykkt í skipulagsnefnd janúar 2015 og í bæjarstjórn í kjölfarið. Tillagan var forkynnt frá 18. febrúar til 4. mars 2015. Forkynningarfundur var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur þann 18. febrúar og komu þar fram nokkrar ábendingar og skemmtilegar umræður sköpuðust um svæðið. Litlar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu frá forkynningarferlinu, en helstu breytingarnar eru stækkun byggingarreita og breyttar gönguleiðir.

Skipulagsferlið við höfnina er langt komið.

Þann 16. apríl samþykkti hafnarstjórn deiliskipulagstillöguna til auglýsingar, skipulagsnefnd þann 20. apríl og bæjarstjórn þann 28. apríl 2015. Tillagan var auglýst frá 20. maí til 15. júlí 2015. Tveir kynningarfundir voru haldnir, sá fyrri þann 18. júní og sá seinni þann 11. júlí 2015. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun og Vegagerðinni, og ábending barst frá Vísi ehf um að auka við bílastæðafjölda á svæðinu. Bætt var við stæðum við Álfahól og Seljabót til að koma til móts við ábendinguna og einnig voru minjar færðar inn á uppdráttinn eftir athugasemd frá Minjastofnun Íslands. Deiliskipulagið var tekið fyrir hjá skipulagsnefnd þann 13. ágúst síðastliðinn og í bæjarstjórn þann 25. ágúst og var þá farið yfir innkomnar umsagnir og athugasemdir. Samþykkt voru svör við umsögnum og athugasemdum þar sem við átti og skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.

Skipulagsstofnun tekur sér fjórar vikur í að fara yfir deiliskipulagið. Ef Skipulagsstofnun kemur með ábendingar og/eða athugasemdir við skipulagið munu skipulagsnefnd og bæjarstjórn taka það aftur fyrir og í kjölfarið fela skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda. Ef engar ábendingar og/eða athugasemdir berast frá Skipulagsstofnun mun skipulagsfulltrúi auglýsa deiliskipulagið beint í B-deild. Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda þýðir að skipulagið hefur öðlast gildi.

Skipulagsferlið fyrir deiliskipulagið hefur staðið frá 2013 og er senn að ljúka. Ferlið hefur gengið vel og hefur samráð við hagsmunaðaila verið virkt meðan á því stóð. Grindavíkurbær þakkar hagsmunaaðilum fyrir skemmtilegt og gott samstarf við vinnslu deiliskipulagsins.

Gamli bærinn

Vinna við deiliskipulag gamla bæjarins hefur staðið frá því um miðjan mars 2013 þegar blásið var til hugmyndasmiðju í Hópsskóla, þar sem íbúum bauðst að leggja fram sínar hugmyndir um gamla bæinn.

Í framhaldi af hugmyndasmiðjunni var skipulagslýsing af svæðinu samþykkt í bæjarráði þann 2. júlí 2013 og auglýst í tvær vikur.

Í kjölfarið hófst vinna við að móta deiliskipulagið. Þegar deiliskipulag er unnið í byggðu hverfi er lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð húsakönnunar. Húsakönnun hefur verið gerð og mun hún verða auglýst samhliða deiliskipulagstillögunni.

Eftir að deiliskipulagstillagan var orðin nokkuð mótuð var hún kynnt skipulagsnefnd í febrúar 2015 og kjölfarið í bæjarstjórn. Á þeim tíma var á skipulagsuppdrætti gert ráð fyrir 35 nýjum íbúðalóðum, 11 lóðum við Vesturbraut, 7 lóðum við Kirkjustíg og 6 lóðum við Víkurbraut. Ennfremur var lagt til að lengja Kirkjustíg að Verbraut. Gert var ráð fyrir þremur nýjum götum (A, B og C) austan megin við Víkurbraut. Þar var gert ráð fyrir 11 íbúðalóðum og einni lóð fyrir verslun og þjónustu.

Tillagan að deiliskipulagi gamla bæjarins var forkynnt í tvær vikur í júní. Gerðar voru breytingar eftir ábendingar og athugasemdir á forkynningartíma. Helstu breytingarnar eru þær að haldið verður í núverandi útlit Kirkjubrautar nema hún færist aðeins til vestur til að fá meira rými fyrir framan hús nr. 1-7. Því verða aðeins 2 nýjar lóðir við Kirkjubraut en ekki 7 eins og forkynningartillagan lagði upp með. Allar nýjar íbúðalóðir við Vesturbraut voru teknar út til að halda í ásýnd niður að sjó og frá sjónum upp að Vesturbraut og að túnunum. Eftir þessar breytingar er gert ráð fyrir 20 nýjum íbúðalóðum en ekki 35 eins og áformað var. Þéttasta uppbyggingin verður austan við Víkurbraut.

Næstu skref í deiliskipulagsvinnunni eru að deiliskipulagstillagan verður tekin fyrir í lok september hjá skipulagsnefnd og kjölfarið í bæjarstjórn til samþykktar til auglýsingar. Stefnt er að því að auglýsa tillöguna í október/nóvember. Íbúar Grindavíkur eru hvattir til þess að kynna sér deiliskipulagstillöguna og koma með ábendingar eða athugasemdir þegar hún verður auglýst.

Með kveðju

Ármann Halldórsson
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Að sjá árangur breytinga

Geo hotel er hið glæsilegasta en þar var áður félagsheimilið Festi.

Breytingar eru óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að vera lifandi. Líkami þinn, viðhorf, hugsanir og umhverfi hefur tekið miklum breytingum á þinni lífsleið, svo dæmi sé tekið. Sumar breytingar eru jákvæðar og auka lífsgæði okkar, aðrar ekki. Margar breytingar eru erfiðar, krefjast vinnu og taka tíma. Hvort sem það er breyting á lífsstíl, mannvirkjum eða umhverfi. Oft mæta breytingatillögur andstöðu og taka frekari breytingum til að koma til móts við mismunandi sjónarmið. Það er eðlilegur ferill.

Á vegum Grindavíkurbæjar hefur verið unnið að ýmsum breytingum undanfarin ár sem er nú lokið, eða við það að ljúka. Nú sést árangur þeirra breytinga sem unnið hefur verið að undanfarin misseri. Flestar breytingar á vegum opinberra aðila mæta andstöðu og það á við um þessar breytingar. Nú þegar breytingarnar eru um garð gengnar, eru þó flestir sammála um að þær hafi verið til góðs. Mig langar til að tæpa á nokkrum stórum breytingum og draga fram þann árangur sem af þeim hefur hlotist.

Tjaldstæðið

Tjaldstæði Grindvíkinga er eitt það glæsilegasta á landinu. Miklu var til kostað og var andstaða talsverð, vegna staðsetningar, kostnaðar og hönnunar. Í dag eru Grindvíkingar stoltir af tjaldstæðinu, enda hefur það bætt ímynd sveitarfélagsins meðal gesta okkar og haft jákvæð áhrif á ferðamannastraum um bæinn. Gestum á tjaldstæðið hefur fjölgað um 70% frá árinu 2011 og er línuleg fylgni á milli fjölda gesta í Bláa Lóninu og á tjaldstæðinu.

Festi

Viðhaldi á Festi hafði verið ábótavant í rúman áratug og engin starfsemi í húsinu í nokkur ár. Gerðar voru nokkrar tilraunir til að koma húsinu í notkun, með sölu eða hugmyndum um breytta notkun. Húsið hefur mikið sögulegt og tilfinningalegt gildi fyrir Grindvíkinga og var mikið ákall um að til staðar yrði salur sem gæti tekið við félagsheimilishlutverki Festis. Árið 2012 gekk sala í gegn við mikla andstöðu, en kaupandinn hafði hugmyndir um að breyta húsinu í gistiheimili með rými fyrir verslun og þjónustu. Uppbygging tók lengri tíma en áætlað var, en á breytingatímabilinu gerði aukinn ferðamannastraumur það að verkum að áætlanir kaupandans breyttust og í stað gistiheimilis, er nú risið glæsilegt hótel. Hótel sem sómir sér vel í miðjum bænum og Grindvíkingar eru stoltir af.

Íþróttamannvirki

Grindvíkingar hafa ávallt lagt mikla áherslu á að íþróttamannvirki bæjarins séu sem glæsilegust. Margar nefndir hafa starfað sem miða að því að ná sátt um framtíðaruppbyggingu. Hagsmunirnir eru mismunandi og sjónarmiðin mörg. Í gildi er áætlun um uppbyggingu til næstu ára sem ég ætla ekki að tíunda hér, heldur draga fram þá breytingu sem þegar er orðin.

Í nýja íþróttamannvirkinu er bætt úr ýmsu sem snýr að innviðum íþróttamála. Einn sameiginlegur inngangur, bætt aðstaða fyrir starfsfólk, betri salerni, stærri og betri klefar, bætt aðstaða fyrir kennara og dómara. Síðast en ekki síst, betri aðstaða fyrir UMFG og Kvenfélag Grindavíkur og stór og mikill salur sem getur þjónað hlutverki félagsheimilis. Sú aðstaða hefur hlotið nafnið Gjáin. Jafnframt hefur íþróttasalurinn verið útbúinn til að geta tekið við stærri viðburðum, svo sem þorrablóti og dansleikjum. Þessar breytingar hafa mætt mikilli mótstöðu m.a. vegna forgangsröðunar framkvæmda, hönnunar, staðsetningar og kostnaðar.

Nú hefur mannvirkið verið tekið í notkun og er við það að verða tilbúið. Það er allt hið glæsilegasta og byrjað að fá verðlaun fyrir hönnun og framkvæmd, svo sem Steinsteypuverðlaunin 2015. Margir gestir hafa komið að skoða húsið, m.a. flestir bæjarstjórar á Íslandi, fulltrúar á vegum UMFÍ, KSÍ og UEFA svo dæmi séu tekin. Höfum við fengið mikið hrós fyrir hve vel er búið að gestum okkar og íþróttalífinu.

Líkamsræktarstöð

Þegar einkarekin líkamsræktarstöð hætti rekstri fyrir nokkrum árum kom fram krafa um að Grindavíkurbær myndi setja upp slíka stöð. Vandséð er að rekstur líkamsræktarstöðvar sé eitt af kjarnaverkefnum sveitarfélags. Því var ákveðið að útbúa aðstöðu til útleigu fyrir einkaaðila sem hefði áhuga á að taka að sér slíkan rekstur og var auglýst eftir samtarfsaðilum. Í upphafi var aðstaðan lítil, en í vetur var auglýst stærra og meira húsnæði í gömlu sundmiðstöðinni. Sú ákvörðun mætti andstöðu og var vísað til þess að önnur sveitarfélög sinntu rekstri líkamsræktarstöðva sem væru vel tækjum búnar. Grindavíkurbær gæti ekki verið þekktur fyrir að vera með verri aðstöðu en fámennari nágrannasveitarfélög. Nú hefur ný aðstaða opnað og er hin glæsilegasta og vel tækjum búin. Jafnframt opnaði sólbaðsstofa og boostbar í sama húsnæði. Þessi breyting hefði ekki getað orðið, ef ekki hefði komið til nýja mannvirkið á Austurveginum. Allt helst þetta í hendur og er ég sannfærður um að aðsókn og starfsemi á íþróttasvæðinu mun aukast, öllum til hagsbóta.

Tónlistarskóli og bókasafn

Almenningsbókasafn Grindavíkur hafði verið í alltof litlu húsnæði á Víkurbrautinni um langt árabil. Sama má segja um skólabókasafnið við Ásabraut. Tónlistarskólinn var í gömlu íbúðarhúsnæði sem hentaði illa. Í mörg ár var rætt um að bæta úr húsnæðismálum þessara stofnanna, en aldrei sett í forgang. Með breytingum á stjórnskipulagi Grindavíkurbæjar 2011 var áhersla á menningarmál aukin og húsnæðismál þessara stofnanna sett í forgang og framfyrir íþróttamál sem þykir til tíðinda í íþróttabænum. Ákveðið var að byggja nýtt húsnæði undir þessar stofnanir við húsnæði grunnskólans við Ásabraut. Þessar breytingar mættu andstöðu vegna þess að gamli íþróttasalurinn var rifinn, vegna stærðar, hönnunar og ótta við að almennings- og skólabókasafn ættu ekki samleið.

Bókasöfnin voru sameinuð og aðstaðan stórbætt, jafnt fyrir nemendur, kennara og almenning. Aðsókn hefur stóraukist og þjónustan batnað.

Tónlistarskólinn er kominn í sérhannað húsnæði fyrir tónlistarkennslu og aðstaðan ein sú besta á landinu. Unnið er að úrbótum á hljóðeinangrunarmálum sem ekki tókust sem skyldi. Samhliða flutningi hefur tónlistarskólinn bætt sinn tækjakost og er nú leiðandi í kennslu tónlistar gegnum tölvur, síma og spjaldtölvur. Nemendur og starfsfólk búa við mun betri aðstöðu en áður.

Þruman

Félagsmiðstöðin Þruman fluttist úr Festi í Kvennó, sem átti að vera bráðabirgðaráðstöfun. Í samráði við notendur félagsmiðstöðvarinnar, þ.e. krakkkana, var ákveðið að flytja félagsmiðstöðina úr Kvennó í húsnæði grunnskólans við Ásabraut. Samhliða var ráðinn starfsmaður sem heldur utan um félagsstarf barna- og unglinga innan sem utan veggja skólans. Áður var þessum verkefnum sinnt af fleiri starfsmönnum í tímavinnu. Þessar breytingar mættu mótstöðu vegna ótta við að nemendur myndu síður sækja félagsmiðstöðina ef hún væri innan veggja skólans. Jafnframt komu fram sjónarmið um að Kvennó myndi þá standa autt og fara fyrir húsinu eins og Festi.

Skemmst er frá að segja að starfsemi í Þrumunni hefur stóraukist og skólabragurinn tekið miklum breytingum með því að nemendur geta sótt félagsmiðstöðina á skólatíma. Í Kvennó er blómleg starfsemi á vegum félagasamtaka.

Allar ofangreindar breytingar hafa mætt mótstöðu og komið hefur til álita að fresta þeim eða hætta við á einhverjum tímapunkti. Niðurstaðan hefur hinsvegar ávallt verið á þá leið að halda áfram. Allar breytingar taka tíma, taka breytingum í framkvæmd og mistök eru gerð við breytingarnar. Sá sem aldrei gerir mistök, hefur aldrei tekið að sér verkefni. Að lokum eru þær breytingar flestar til hagsbóta og að mínu mati eru ofangreindar breytingar í starfsemi Grindavíkurbæjar dæmi um slíkt.

Ég er mjög stoltur af því að hafa tekið þátt í þessum verkefnum og vil þakka samstarfsfólki mínu fyrir að hafa lagt mikið á sig til að koma þeim til framkvæmda.

Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri

Tungumálanámskeið í Piteå

Eitt kvöldið kom eldra fólk frá Piteå og borðaði kvöldmat með nemendunum, svo sungu þau saman nokkur lög á sænsku, finnsku og íslensku. Guðný Dröfn lengst til vinstri.

Piteå í norður Svíþjóð hefur verið vinabær Grindavíkur síðan 1977. Þráðurinn var tekinn upp aftur fyrir nokkrum misserum og vinna bæjarfélögin nú að ýmsum samstarfsverkefnum. Í fyrra fóru þær Fríða Egilsdóttir og Kristín Gísladóttir á sænskunámskeið til Piteå en þetta var samstarfsverkefni vinabæjanna. Í sumar var ákveðið að endurtaka leikinn í samvinnu við Norræna félagið í Grindavík og var ákveðið að bjóða ungu fólki upp á að fara á 10 daga sænskunámskeið. Í auglýsingu um námskeiðið sagði: „*Norræna félagið í Grindavík, í samstarfi við Grindavíkurbæ, vinabæinn Piteå í Svíþjóð og Norðurlandaráð, býður upp á endurmenntunarnámskeið í sænsku sem sérstaklega er ætlað fyrir vinabæi Piteå. Námskeiðið fer fram dagana 27. júlí til 5. ágúst n.k. Innifalið er flug, gisting og námskeiðið sjálft. Í boði eru tvö sæti á námskeiðinu, allt frá nemendum á unglingastigi grunnskólas og eldri. Skilyrði er að viðkomandi starfsmaður hafi einhvern bakgrunn í sænsku tungumáli.*

Undirrituð og Jón Þór Arnarsson vorum svo heppin að vera valin úr góðum hópi umsækjenda.

26. júlí síðastliðinn lögðum við Jón af stað til Piteå, vinabæjar Grindavíkur í Svíþjóð. Bæði höfum við búið í Svíþjóð í einhvern tíma og vorum með smá grunn áður en við fórum.

Ferðalagið gekk vel og enduðum við á háskólagarði rétt fyrir utan Piteå þar sem skólinn og íbúðirnar voru á sama staðnum sem var afskaplega þægilegt. Næstu 10 dagana var farið eftir námsáætlun sem var búið að gera fyrir okkur. Hefðbundinn dagur var að vakna klukkan 8, kennslutímar til hádegis og svo var farið eða gert eitthvað fram að kvöldmat og eftir mat var horft saman á sænska bíómynd.

Kennslutímarnir voru með hefðbundnu sniði, mjög líkir dönskutímum hérna heima nema miklu meiri áhersla á að tala. Dæmi um það sem við gerðum eftir hádegi var að einn daginn fórum við á sænskan gamlan búgarð þar sem fólk hafði erft frá ættingjum sínum í ararаðir. Þar kemur fólk með fjölskyldum sínum á mánaðarfresti og á góðan dag saman og eru allir velkomnir.

Við fórum einnig niður í miðbæ og helstu staðirnir skoðaðir. Einn daginn hittum við krakka frá Piteå og spiluðum við saman blak, fótbolta eða Kubb og enduðum svo á að grilla sykurpúða við varðeld, sungum saman og spilað var á gítar. Við skoðuðum foss sem heitir Storforsen og var það nú ekkert nýtt fyrir okkur Íslendingana en náttúran í kring var mjög falleg og skemmtilegt að sjá.

Guðný Dröfn lengst til hægri ásamt finnskum stúlkum sem voru á námskeiðinu

Eitt kvöldið kom eldra fólk frá Piteå og borðaði með okkur kvöldmat, svo sungum við saman nokkur lög á sænsku, finnsku og íslensku. Krakkarnir frá Finnlandi leyfðu okkur svo að smakka ekta finnskt nammi, sýndu dansatriði og leyfðu okkur prófa að segja nokkur erfið orð á finnsku. Ég og Jón Þór komum líka með nammi og leyfðum þeim að prófa að segja eitthvað á íslensku líka.

Í frítímanum gerðum við ýmislegt. Böðuðum í vatninu, fórum niður í miðbæ, í gufubað, á flóamarkað og margt fleira. Krakkarnir voru mjög skemmtilegir og var hópurinn mjög samheldinn. Við vorum 23 alls og voru þau næstum öll frá Finnlandi nema við Jón Þór og svo tveir aðrir frá Svíþjóð. Gaman er að segja frá því að aðalkennarinn á námskeiðinu kom svo til Íslands viku eftir að við komum heim og heilsaði uppá mig í vinnunni þegar hún fór í Bláa Lónið. Þetta voru virkilega skemmtilegir og lærdómsríkir 10 dagar og gaman að fá að prófa eitthvað nýtt og öðruvísi.

Guðný Dröfn Guðbjartsdóttir

Efnahagsvélin Grindavík

Túnfiskveiðar er nýjasta viðbótin í grindvískum sjávarúvegi.

Grindavíkurbær er eitt af öflugustu sveitarfélögum landsins. Fjárhagslega stendur sveitarfélagið mjög sterkum fótum. Skuldir eru mjög lágar og eignir miklar. Rekstur sveitarfélagsins gengur vel og skilar miklum afgangi. Þar sem skuldir eru litlar og greiðslubyrði þar af leiðandi lág getur Grindavíkurbær fjárfest án þess að taka ný lán.

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2014 sýnir þessa stöðu glöggt. Tekjur hækka, íbúum fjölgar og áætlanir standast. Í tvö ár í röð hafa útgjöld til fræðslumála, sem er langstærsti málaflokkur Grindavíkurbæjar, verið á áætlun. Það hefur aldrei gerst áður.

Skýrslur óháðra aðila um íslensk sveitarfélög sýna sömu stöðu. Greiningardeild Arion banka mat Grindavíkurbæ fjárhagslega sterkast af stærstu sveitarfélögum landsins árið 2013. Í skýrslu Íslandsbanka um íslensk sveitarfélög sem kom út í vor má sjá sömu niðurstöður. Grindavíkurbær er með eina sterkustu stöðuna af þeim sveitarfélögum sem teljast hafa litla skuldsetningu og rekstur standi vel undir núverandi skuldsetningu.

Góður rekstur sveitarfélags er ekki sjálfgefinn og er háður nokkrum þáttum. Svo sem;

- Bæjarstjórn þarf að hafa skýra sýn og bera virðingu fyrir því að verið sé að sýsla með almannafé.
- Stjórnendur og starfsfólk þarf að setja fram ábyrgar áætlanir og standa við þær.
- Skatttekjur þurfa að vera góðar, en þær eru háðar efnahag viðkomandi sveitarfélags.

Í Grindavík er gríðarlega öflugt atvinnulíf. Það byggist að mestu á sjávarútvegi, orkuvinnslu og ferðaþjónustu, en allar greinarnar eru í vexti og kalla á fleira starfsfólk. Af því leiðir að laun hafa hækkað og íbúum fjölgað, sem aftur leiðir til þess að útsvarsstofn Grindavíkurbæjar styrkist.

Í skýrslu sem hagfræðideild Landsbankans gaf út 12. júní kom fram að velta fyrirtækja á íbúa í Grindavík er hin fjórða hæsta á landinu. Sjávarútvegur hefur verið undirstaða samfélagsins í Grindavík um aldir. Fyrirtækin í Grindavík standa undir rúmu 1% af vergri landsframleiðslu og skapa um 1.000 störf.

Í skýrslu Gamma um Auðlindagarðinn á Reykjanesskaga sem kynnt var 28. maí kom fram að Auðlindagarðurinn skapar um 1% af vergri landsframleiðslu. Innan Auðlindagarðsins starfa um 500 manns. Auðlindagarðurinn byggir að mestu á starfsemi sem er innan Grindavíkurbæjar, þ.e. í Svartsengi.

Ljóst er að efnahagsvélin Grindavík skapar gríðarleg verðmæti fyrir þjóðfélagið allt. Sú verðmætasköpun og ábyrgur rekstur sveitarfélagsins leggur grunninn að því að hér eru skattar lægri en víðast hvar annarsstaðar. Þannig njóta allir ágóða af öflugu atvinnulífi og ábyrgum rekstri.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri

Norræn barnaverndarráðstefna í Finnlandi

Í lok ágúst ferðaðist ég til Finnlands ásamt 59 manns sem koma að verndun barna á Íslandi með einum eða öðrum hætti. Áfangastaðurinn var Turku, elsta borg Finnlands, þar sem haldin var norræn barnaverndarráðstefna. Kynntar voru nýjar rannsóknir á sviði barnaverndar, áherslur í lagaumhverfi, mikilvægi þess að nota gagnreyndar aðferðir í barnaverndarstarfi og mikilvægi þátttöku barna í öllum þeim ákvörðunum sem þau varða.

Á áhugaverðri málstofu um matarvenjur var komið inn mikilvægi þeirra og að matarvenjur hefðu ekki síður áhrif á velferð barna en félagslegar aðstæður og umhverfi. Ekki var einungis verið að vísa í nauðsyn þess að neyta fjölbreyttrar, næringaríkrar fæðu heldur einnig að undirstrika mikilvægi matmálstíma sem oft er sameiningartákn fjölskyldna. Í Finnlandi hefur þróunin verið sú að fjölskyldur borða í minni mæli saman og er það áhyggjuefni í ljósi fækkandi gæðastunda fjölskyldna. Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á forvarnargildi jákvæðrar samveru fjölskyldunnar. Borðum því vel og borðum saman.

Það sem mér finnst merkilegt að upplifa er hversu framalega Grindavík stendur í notkun gagnreyndra aðferða í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Áhersla er lögð á forvarnir og eflingu foreldrafærni í formi, meðferðar, hópameðferðar og námskeiða sem byggja á sterkum vísindalegum grunni (EBP). Einnig hefur matstækið ESTER verið tekið upp í félagslegri þjónustu í Grindavík, en notkun þess stuðlar að því að ákvarðanir um íhlutun eða stuðning byggi á staðlaðri nálgun og bestu mögulegu þekkingu.

Það er um margt sérstakt hversu víðtæka og gagnreynda þjónustu þetta litla samfélag býður upp á innan bæjarmarkanna. Það varð mér ljóst í landi þúsund vatna. Grindavík er kannski ekki stór mæld útfrá íbúafjölda, en í markmiðum sínum og vilja til að veita íbúum góða þjónustu er hún risa stór. Enda gistir Grindavík harðduglegt keppnisfólk.

Áfram Grindavík.

Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi

Menningarvikan 12.-20. mars næstkomandi

Ákveðið hefur verið að Menningarvika Grindavíkur 2016 verði dagana 12.-20 mars nk. Safnahelgin verður jafnframt 12. og 13. mars. Grindvíkingar eru hvattir til þess að undirbúa menningarviðburði en þetta er í áttunda sinn sem Menningarvikan er haldin með þessu sniði. Nú þegar eru nokkrir viðburðir í undirbúningi.
Þá verður jafnframt útnefndur Bæjarlistamaður Grindavíkur 2016 en þetta verður í annað sinn sem það verður gert. Halldór Lárusson var valinn 2014.
Búist er við listafólki frá Piteå í Menningarvikuna líkt og undanfarin ár. Þeir sem hafa áhuga að vera með sýningar og spyrja nánar út í Menningarvikuna eru hvattir til að hafa samband við Þorstein, sími 420 1100, netfangið er *thorsteinng@grindavik.is*

Árshátíðin 9. apríl

Árshátíð Grindavíkurbæjar verður haldin laugardaginn 9. apríl n.k. og er búið að bóka Lava-sal Bláa Lónsins. Hún er því seinna á dagskrá en undanfarin ár, ástæðan er sú að skynsamlegt var talið að færa árshátíðina aftur fyrir Menningarviku og fermingar.
Leikskólinn Laut sér um árshátíðina að þessu sinni og hefur undirbúningsnefnd störf upp úr áramótum. Lautarkonur boða jafnvel breytingar á fyrirkomulagi árshátíðarinnar og verður fróðlegt að sjá hver niðurstaðan verður.

heimasidan@grindavik.is

Næsta tölublað Járngerðar kemur út í desember. Allar ábendingar um áhugavert efni er vel þegnar. Sendið hugmyndir að góðu efni, eða jafnvel ljósmyndir, á netfangið *heimasidan@grindavik.is*
Notið einnig þetta sama netfang ef þið viljið koma einhverju á framfæri við heimasíðu bæjarins, t.d. viðburðum.
Slóðin er *www.grindavik.is*
Þá vekjum við einnig athygli Facebook-síðubæjarins.

Nýja íþróttamannvirkið vígt 17. október

Nú styttist í að framkvæmdum fyrir utan nýju íþróttamiðstöðina ljúki, þ.e. fyrir framan aðalinnganginn. Vígsluathöfn nýja íþróttamannvirkisins verður laugardaginn 17. október en þá er fyrsti heimaleikur kvennaliðs UMFG í körfubolta. Allir eru velkomnir við vígsluna en dagskráin verður eftirfarandi:

• Formleg vígsla kl. 15:00 á nýja sviðinu fyrir utan aðalinnganginn (ef veður leyfir).
o Ræður: Fulltrúi bæjarstjórnar, formaður UMFG, formaður Kvenféalgsins.
o Íþróttamannvirkið til sýnis
• Boccia eldri borgara í litla sal/anddyri kl. 15:15
• Júdóæfing í Gjánni, stóra sal, kl. 15:15
• Opinn tími í hreyfisal hjá Gymheilsu kl. 15:15.
• Aðstoð í tækjasal hjá Gymheilsu frá kl. 15:15.
• Kvenfélagið með sýningu eða uppákomu í Gjánni, litla sal, kl. 15:15.
• Skriðsundskeppni sunddeildar UMFG kl. 15:30.
• Skákborð í móttökusal fyrir gesti.
• Fótboltaboltavídeó með Grindavíkurliðunum, eldri og yngri, rúllar á sjónvarpsskjá í anddyri
• Grillaðar pylsur, drykkir og terta í Gjánni, litla fundarsal, frá kl. 15:45.
• Grindavík-Valur í úrvalsdeild kvenna í körfubolta kl. 16:30 í íþróttahúsinu. Ókeypis aðgangur.
• Í hálfleik: Skrifað undir samninga við UMFG, Golfklúbb Gr. og Brimfaxa um íþróttastefnu Grindavíkur og við UMFG & Kvenfélag Grindavíkur um afnot af húsinu.
• Sundlaug opin til kl. 17:00. Ókeypis í sund.

Nýja íþróttamannvirkið var opnað í vor og er því komin reynsla á það. Unnið hefur verið að lagfæringum á nokkrum atriðum sem komið hafa í ljós.

UMFG og Kvenfélag Grindavíkur hafa fengið glæsilega félags- og skrifstofuaðstöðu til afnota í nýja mannvirkinu. Sú aðstaða hefur fengið nafnið GJÁIN en það var niðurstaðan eftir nafnasamkeppni. Félagsaðstöðuna er hægt að leigja fyrir veislur og viðburði. UMFG heldur utan um þá umsýslu og þarf að hafa beint samband við starfmann UMFG á netfanginu *umfg@umfg.is*

Met aðsókn á tjaldsvæðinu

Met aðsókn var á tjaldsvæðinu í Grindavík í sumar, frá miðjum maí og til 31. ágúst, bæði hvað varðar gesti og gistinætur. Aukningin á gistinóttum á milli ára er um 19% og þá vantar september inn í tölur sumarsins! Aðsókn í september hefur verið ótrúlega góð, því er aukningin umtalsverð.

Alls komu 8191 gestir á tjaldsvæðið í sumar frá maí til ágúst en gistinætur voru 9445. Þrír starfsmenn voru á tjaldsvæðinu auk þess sem þeir sáu um helgarvaktir í Kvikunni.

Mánuður	Gestir 2011	Gistinætur 2011	Gestir 2012	Gistinætur 2012	Gestir 2013	Gistinætur 2013	Gestir 2014	Gistinætur 2014	Gestir 2015	Gistinætur 2015
Maí	108	133	231	266	479	587	349	489	448	484
Júní	1304	1895	1409	1961	1111	1744	1366	1542	1821	2274
Júlí	1609	1844	2196	2698	2247	2522	2351	2644	3248	3733
Ágúst	1608	1877	1761	1975	1885	2085	2220	2486	2674	2954
Sept.	215	269	343	392	292	316	525	559		
Samtals	**4844**	**6018**	**5940**	**7295**	**6014**	**7254**	**6811**	**7720**	**8191**	**9445**

Ferðamannasprengja

Erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað gríðarlega ár frá ári undanfarin misseri og hafa Grindvíkingar eflaust orðið varir við þessa þróun. Vinsælasti áfangastaður landsins, Bláa lónið, stendur hér í túnfætinum hjá okkur og eru erlendir ferðamenn orðnir mjög áberandi í Grindavík, ekki bara rétt yfir hásumarið heldur allt árið um kring. Ferðaþjónusta virðist vera að skjótum tryggum rótum sem heilsársatvinnuvegur í Grindavík og að því tilefni ákváðum við að taka púlsinn á tveimur ferðaþjónustuaðilum hér í bæ og heyra frá fyrstu hendi hvernig þeir upplifa þessa þróun.

GRINDAVÍKURBÆR

Kjartan Sigurðsson hjá Fjórhjólaævintýrinu:

Veturinn er okkar ferðamannatímabil

Fjórhjólaævintýri í Grindavík hefur blómstrað í ferðaþjónustunni undanfarin ár. Kjartan Sigurðsson hjá Fjórhjólaævintýrinu segir að fyrirtækið hafi fundið fyrir aukinni ásókn í þeirra þjónustu.

„Já, við höfum fundið fyrir aukningu en hjá okkur en samt hefur það verið meira áberandi hjá okkur á veturna. Það er mikill miskilningur hjá fólki að allt sé brjálað hjá okkur á sumrin því núna er okkar tímabil að byrja. Við höfum boðið upp á fjórhjólaferðir frá 2007 og hefur verið stöðug aukning frá því að við byrjuðum og einnig höfum við verið með fjallahjólaferðir í nokkur ár og var mjög mikil aukning þetta árið," segir Kjartan.

Hér áður fyrr skelltu flestir ferðaþjónustuaðilar í lás upp úr mánaðarmótum ágúst september. Mikil breyting hefur orðið á því.

„Við störfum allt árið um kring og við myndum frekar skella í lás á sumrin heldur en á veturna.

Hvernig líst þér svo á framhaldið, ertu bjartsýnn á þróun ferðamennsku sem atvinnuvegar í Grindavík og nágrenni?

„Ég er mjög bjartsýnn á framhaldið og held að ferðaþjónustan í Grindavík sé komin til að vera. Við höfum upp á allt að bjóða nema jökla þannig ef þú gætir reddað því þá værum við með allt og rúmlega það," segir Kjartan.

Hann hvetur ferðaþjóna á svæðinu að taka sig saman og átta sig betur á því að það styrkir aðeins hvern annað ef þeir senda kúnnan á milli.

„Því betri upplifun sem fólk fær af svæðinu því betri líkur eru á því að gesturinn komi aftur seinna og dvelji jafnvel lengur því Reykjanesið býður upp á meira en eina nótt. Ef við ætlum að vera föst í því ennþá að benda gestunum á það að stutt sé að fara á Gullfoss og Geysi þá fer gesturinn bara nærri þeim svæðum. Það viljum við ekki því Reykjanesið er perla og héðan fer fólk gapandi í burtu," sagði Kjartan að lokum.

Lóa Bergljót Þorsteinsdóttir hjá Geo hotel:

Móttökurnar eru framar vonum

Geo hotel opnaði í vor eftir gagngerar endurbætur á gamla félagsheimilinu Festi. Húsið er hið glæsilegasta í alla staði. Lóa Bergljót Þorteinsdóttir frá Geo hotel segir að starfsemin hafi farið vel af stað.

„Við opnuðum opinberlega 1. júní. Móttökurnar hafa verið alveg vonum framar. Gestirnir sem hafa heimsótt okkur í sumar hafa verið mjög ánægðir með okkur og gefið okkur mjög góðar umsagnir á t.d. TripAdvisor á netinu. Allt sem lýtur að gestinum er klárt, nema smá vinna utanhúss. Annað er bara orðið eins og það á að vera og kerfi og starfsfólk farið að vinna eins og smurð vél svo það er búið að vinna út öllum byrjunarörðuleikum."

Þið hafið auðvitað ekki samanburð við síðustu ár, en hvernig hefur sumarið verið hjá ykkur?

„Eins og með móttökurnar þá hefur gengið alveg glimrandi vel og nýtingin verið mjög góð. Hún fór hratt upp á við frá fyrsta degi og ágúst var langstærstur og margir dagar fullbókaðir."

Hvaða veitingar eruð þið að bjóða upp á fyrir gestina ykkar?

„Eins og er þá erum við að bjóða upp á mjög góðan morgunverð fyrir gestina okkar og eins erum við alltaf með kaffi á könnunni og opinn bar. Gestirnir okkar eru flestir einhvers staðar í burtu yfir miðjan daginn, en koma svo um kvöldið og njóta þá veitinga á kvöldin hjá öðrum veitingaaðilum í bænum. Eldhúsið okkar er eftir sem áður fullbúið og tilbúið fyrir meiri veitingarekstur svo það mun pottþétt koma að því fyrr heldur en seinna að við verðum með veitingastað, alla vega á kvöldin. Þess má geta að bæjarbúar eru meira en velkomnir að kíkja til okkar alla daga. Við erum alltaf með kaffi á könnunni og opin bar, svo bæjarbúar mega endilega koma og nota þetta fallega hús líka, það á ekki að vera bara fyrir útlendinga."

Hvernig líst þér svo á framhaldið? Hér áður fyrr lokaði allt túristatengt á Íslandi strax í september. Hvernig lítur veturinn út hjá ykkur, og framhaldið?

„Framhaldið er mjög bjart. Við erum komin með slatta af bókunum hvern einasta mánuð, ár fram í tímann núna. Næsta sumar er strax byrjað að fyllast og veturinn lítur vel út. Það sem hefur einkennt haustið núna, og mun líklega vera áfram í vetur, er mjög stuttur bókunarfyrirvari. Við vitum ekki ennþá hvernig bara september endar, hvað þá aðrir mánuðir í vetur, þar sem við erum að fá samdægurs bókanir nær alla daga. Eins er mikið um, og miklu meira en við áttum von á, að gestir komi labbandi inn af götunni og biðji um herbergi. Miðað við hvernig bókunarflæðið er núna fyrir komandi vikur, þá er full ástæða til að ætla að veturinn muni vera mjög góður líka og gott að gera," sagði Lóa að lokum.

Vinnuskólinn gekk vel

Líkt og undanfarin ár var Vinnuskólinn starfræktur fyrir ungmenni sem voru að ljúka 8., 9. og 10. bekk grunnskólans auk fyrsta bekkjar framhaldsskólans. Hjalti S. Guðmundsson umsjónarmaður grænna og opinna svæða var verkstjóri Vinnuskólans í sumar og Kristín Karlsdóttir aðstoðarverkstjóri.

Nokkrar breytingar voru gerðar í starfsemi Vinnuskólans í sumar, þá aðallega gagnvart vinnu flokksstjóranna sem unnu að ýmsum nýjum verkefnum. Í fyrra var vinnutími nemenda aukinn talsvert frá því sem áður var og hélst sá vinnutímafjöldi. Um 100 nemendur voru í Vinnuskólanum í sumar og fækkaði um 38 á milli ára en mesta fækkunin var hjá elsta aldurshópnum. Flokksstjórar voru 12.

Starf Vinnuskólans gekk í heildina mjög vel. Flokksstjórar og nemendur fóru á námskeið til að efla þau í starfi og þá var þriðja sumarið í röð stórskemmtilegt samstarf við Codland sem nánar er fjallað um á síðunni við hliðina. Þá var haldinn sameiginlegur vinnuskóladagur í Grindavík með Garði, Vogum og Sandgerði. Boðið var upp á forvarnarfyrirlestra um netnotkun og svo farið í leiki. Var þetta virkilega skemmtilegur dagur með nágrönnum okkar.

Verkefni Vinnuskólans sumarið 2015:

Sláttur: Gekk í heild sinni vel. Traktorinn hjá Þjónustumiðstöðinni var reyndar bilaður í langan tíma og einnig fór hann of lítið út vegna manneklu. Traktorinn sér um að slá öll stóru svæðin í sveitarfélaginu. Færri voru í slátturhóp eða 10 strákar og sáu þeir um að slá allt sveitarfélagið og 50 heimilisgarða, þ.e. fyrir eldri borgara og öryrkja. Í ljósi þessa þá gekk bara mjög vel í sumar og tókst að slá meira og minna allt sem var á dagskrá.

Víkurbraut: Farið var í að rífa upp aspir í eyjum. Einnig tókum við svæðið fyrir utan grunnskólann og gerðum það fínt með grasi, blómabeðum, hellulögn og settum bekk þar. Þetta verkefni kom mjög vel út.

Sumarblóm: Sumarblómin áttu erfitt líf þar sem við tókum þau til okkar fyrir Sjóarann síkáta, sem er í allra fyrsta lagi. Mörg blóm lifðu það ekki af. Loks kom svo smá hiti og bjargaði þessu. Margar blómaskreytingar voru mjög fallegar eins og stóru hringlaga pottanir og hringtorgið.

Víðihlíð: Mikil gróðursetning átti sér stað í Víðihlíð.

Skipting hópa í hverfi: Það fór mikill tími í sumar í að hreinsa úr gangstéttum og niðurföllum í sumar. Við skiptum hópum í hverfi þar sem verkefnið var að gera sitt hverfi fallegt og flott. Það var allt frá því að gogga og að gróðursetja sumarblóm o.fl.

Málun: Það var mikið málað í sumar og tók það mikið frá öðrum verkefnum sökum þess að ekki hafði gefist veður að mála síðustu sumur vegna votviðris. Nú var tækifærið nýtt vel í góðviðrinu og nánast allt málað. Það gekk mjög vel, öll leiktæki voru máluð nema á tjaldstæðinu þar sem ekki var þörf á. Kantsteinar voru málaðir, ekki náðist þó að fara í allar götur. Borið var á palla o.fl.

Skógræktarfélagið: Við fórum að aðstoða Skógræktarfélagið við að gera stíg upp Þorbjörn. Þetta var erfið vinna fyrir krakkana en þau stóðu sig vel í þá viku sem þetta starf fór fram sem fólst í aðstoð við sjálfboðaliða hjá Seeds.

Tjaldsvæði: Það fór mikil vinna í tjaldstæðið að vanda. Arfahreinsa og kantskera. Fjarlægja með úr mönum og tyrft í staðinn. Fara þarf í endurbætur á gróðri og að moka upp með og gróðursetja uppá nýtt á næstu árum.

Litluvellir: Settar voru niður stórar aspir sem komu frá íþróttamiðstöðinni. Mikil vinna fór fram þarna. Það hefur sennilega ekki verið mikið gert þarna í nokkur ár en teljum við að við höfum náð gróðrinum vel af stað í sumar.

Hólavellir (Gerðavellir): Ekki náðist að klára þetta fallega svæði í sumar en það verður gert á næsta ár.

Hópskóli: Það var ekki mikið hægt að gera þar því þar eru öll beð yfirfull af hófblöðku sem er eitt af því versta sem hægt er að fá í beð. Ákveðið var að fá verktaka í verkefnið og er unnið að því nú.

Ýmis verkefni: Vinnuskólinn fékkst einnig við ýmis önnur verkefni og aðstoðaði m.a. eldri borgara við að flytja billardborð úr bláu útistofunni við grunnskólann í aðra útistofu. Þá voru ýmis tilfallandi verkefni eins og aðstoð við Ungmennagarðinn, mikill tími fór í aðstoð við leikjanámskeiðið, sérstaklega sundferðir, og svo margt fleira.

Skoðanakönnun

Send var út skoðanakönnun á alla foreldra/forráðamenn þeirra sem áttu unglinga í Vinnuskólanum í sumar og þeir beðnir að svara spurningunum með unglingunum. Aðeins 26 svöruðu af um 100 sem rýrir talsvert gildi á niðurstöðunum en gefa vonandi einhverja vísbendingu.

Niðurstöðurnar voru frekar jákvæðar, 69% voru mjög ánægð eða frekar ánægð með skipulag og starfsemi Vinnuskólans. Um 23% voru hvorki ánægðir né óánægðir og aðeins tveir einstaklingar voru frekar óánægðir.

Þá ríkti mikil ánægja með flokksstjórana. Um 70% voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þá, um 20% voru hlutlausir og aðeins tveir einstaklingar voru frekar eða mjög óánægðir.

Spurt var út í laun og voru tæp 24% frekar eða mjög ánægð, um 30% hlutlaus og um 55% frekar eða mjög óánægð. Þá komu fram ýmsar ábendingar um hvernig hægt er að efla starf Vinnuskólans næsta sumar.

Fjölbreyttur Codland Vinnuskóli

Dagana 27. júli til og með 30. júli var Vinnuskóli Codland starfræktur í samstarfi við Vinnuskóla Grindavíkurbæjar. Markmið skólans að þessu sinni var að kynna fyrir ungmennum Grindavíkur fæddum 2000 og 2001 starfsemi á Reykjanessvæðinu tengdum sjávarútvegi og jarðvarma. Farið var með hópinn í heimsókn til fyrirtækja í kringum Grindavík og til Marels í Garðabæ og starfsemi þeirra kynnt.

Við upphaf námskeiðisins var krökkunum skipt niður í hópa sem vann saman að hópeflis æfingum fyrstu daga vinnuskólans. Á lokadegi skólans áttu hóparnir að nýta sér það sem þeir höfðu lært auk staðarþekkingar sinnar til að finna upp og útfæra nýja þjónustu á svæðinu handa ferðamönnum. Mánudag og þriðjudag var gerð æfing til að þjappa hverjum hóp saman og undirbúa hann undir verkefnavinnuna sem færi fram á síðasta deginum.

Vinnuskólinn heimsótti ekkert fyrirtæki eða stofnanir sem hann hafði farið í árið áður. Var þetta gert til þess að hafa eitthvað nýtt fyrir þá þátttakendur sem voru með í fyrra og mæltist það ákaflega vel fyrir enda nauðsynlegt að bjóða upp á nýjungar á milli ára svo það verði eftirsóknarvert að koma aftur.

Heimsóknir í fyrirtæki

Rétt er að taka það fram að öll fyrirtæki gáfu vinnu sína og gerðu okkur í Codland þannig kleift að bjóða upp á þessa dagskrá. Allir tóku vel á móti okkur og voru mjög spenntir að fá að kynna starfsemi sína til fyrir ungum Grindvíkingum. Beðið var um að hvert fyrirtæki kæmi inn í kynningu sinni stuttri tölu um hvaða verkefni það myndi takast á við í framtíðinni og hvers konar bakgrunn framtíðarstarfsfólk þess þyrfti að hafa.

Það klárlega hjálpaði að fyrirtæki með tengsl við sjávarútveginn hringdi og bæði um að fá að koma í heimsókn.

Helstu vandamál sem komu upp voru tengd sumarfríum starfsmanna. Erfitt var að finna rétta aðilann til að tala við þar sem flestir voru í sumarfríi og að sama skapi gekk erfiðlega fyrir fyrirtækin að finna einhvern til að taka á móti okkur. Í mörgum tilfellum var lítil eða skert starfsemi og því minna að sjá en ella.

Því var öfugt varið með Bláa Lónið en þar var háanna tími. En engu að síður gáfu þau sér tíma til að taka á móti nemendunum. Bestu þakkir til Bláa Lónsins og þeirra fyrirtækja sem tóku á móti okkur.

Þorbjörn hf. í Grindavík fékk að senda í vinnuskóla Codland þá sumarstarfsmenn sína sem voru á svipuðum aldri og aðrir þátttakendur. Með þeim fylgdi starfsmaður frá Þorbirni sem hjálpaði til við umsjón námskeiðisins og fyrirtækjabíll sem var fenginn að láni þegar við heimsóttum Marel í Garðabæ. Það mætti athuga hvort fleiri fyrirtæki á svæðinu hefðu áhuga á svipuðu fyrirkomulagi.

Heilt yfir gekk Vinnuskóli Codland mjög vel og verður vonandi framhald á honum næsta sumar.

Útskriftarnemar úr Codland vinnuskólanum 2015.

Í heimsókn hjá HS orku.

Í heimsókn hjá Stakkavík.

Tímamót hjá Reykjanes Geopark

Dagana 2. – 6. september hélt fríður flokkur fulltrúa Reykjanes Geopark til borgarinnar Oulu í Finnlandi en þar var haldinn árlegur haustfundur European Geoparks Network. Rokua Geopark sá um skipulag fundarins í ár og fórst það vel úr hendi. Í Oulu er öflugt háskólasamfélag svo að öll aðstaða til fundahalds og fyrirlestra var til fyrirmyndar.

Fulltrúar Reykjanes Geopark Í Finnlandi voru eftirfarandi: Eggert Sólberg Jónsson, verkefnisstjóri Reykjanes Geopark, Róbert Ragnarsson, formaður stjórnar Reykjanes Geopark, Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Arnbjörn Ólafsson hjá Reykjanes Geocamp, Þuríður H. Aradóttir Braun, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjaness ásamt undirrituðum, upplýsingafulltrúa Grindavíkurbæjar.

Dagskráin frá fimmtudegi til laugardags var þéttskipuð. Fimmtudagurinn og laugardagurinn voru að mestu helgaðir málstofum og fyrirlestrum frá jarðvöngum (geopörkum) víðsvegar að úr heiminum. Finnar mega eiga það að þeir eru sennilega með stundvísustu þjóðum heims, en allar tímasetningar hjá þeim stóðust upp á mínútu og enginn fyrirlesari fékk að tala lengur en honum hafði verið úthlutað. Voru Íslendingar á einu máli um að þetta væri mikil framför frá síðasta haustfundi sem haldinn var á Ítalíu, þar sem menn voru ekki mikið að stressa sig á því hvað klukkan sló.

Á föstudeginum fórum við svo í vettvangsverð um Rokua Geopark. Leiðsögumaðurinn okkar í rútunni, sem minnti óneitanlega svolítið á góða dátann Svjek í vaxtarlagi, minnti okkur reglulega á brottfarartíma og sagði að Finnar væru alltaf á réttum tíma. Við heimsóttum ýmsa áhugaverða staði, t.d. skóglendi og virkjun, og fengum leiðsögn um svæðin. Þar sem við völdum okkur ferð með menntaþema heimsóttum við einnig grunnskóla á svæðinu. Við fyrstu sýn virkaði skólinn fremur látlaus og kuldalegur en þegar við komum inn í kennslustofurnar og fengum að kynnast skólanum frá fyrstu hendi kom betur og betur í ljós hversu vel tækjum búinn skólinn var. Öll aðstaða, bæði fyrir nemendur og kennara, var fyrsta flokks. Það eina sem stakk svolítið í stúf, séð frá íslensku sjónarhorni, var sprengjubirgið í kjallaranum, en það er víst staðalbúnaður þegar rússneski björninn er næsti nágranni.

Fulltrúar frá Íslandi á Evrópuráðstefnu jarðvanga sem haldin var í Finnlandi. Efri röð frá vinstri: Eggert Sólberg Jónsson verkefnisstjóri Reykjanes Geopark, Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri SSS, Brynja Davíðsdóttir verkefnisstjóri Kötlu Geopark, Arnbjörn Ólafsson frá Reykjanes Geocamp og Sigurður Sigursveinsson frá Kötlu Geopark. Neðri röð frá vinstri: Siggeir Fannar Ævarsson upplýsinga- og skjalafulltrúi Grindavíkurbæjar, Róbert Ragnarsson bæjarstjóri í Grindavík og Þuríður H. Aradóttir Braun verkefnisstjóri Markaðsstofu Reykjaness.

Við spurðum aðstoðarskólastjórann hver galdurinn væri á bakvið góðan námsárangur finnskra grunnskólabarna og þar stóð ekki á svörum. Fólk ber mikla virðingu fyrir kennarastarfinu og kennarar eru á góðum launum. Við gætum kannski lært eitthvað af Finnunum í menntamálum?

Þau Eggert, Arnbjörn og Þuríður voru með erindi á fundinum og var góður rómur gerður að þeim öllum. Vakti fyrirlestur Þuríðar sérstaka athygli enda er hið nána samstarf Geoparksins og markaðsstofunnar alls ekki sjálfgefið og eitthvað sem margir hafa áhuga á að endurskapa í sínum Geopörkum. Þá vakti einnig athygli gesta hversu hratt umsóknarferlið hefur gengið hjá Reykjanes Geopark en aðeins eru þrjú ár liðin síðan að verkefnið fór af stað. Eggert kynnti skrefin sem Reykjanes Geopark hefur tekið til að ná markmiði sínu og fá alþjóðlega vottun, en víðsvegar um heiminn eru Geoparkar sem hafa verið meira en áratug að vinna að sínum umsóknum.

Það fór nefnilega fljótlega að kvissast út meðal ráðstefnugesta að umsókn Reykjanes Geopark að Evrópusamtökunum hefði verið samþykkt og því óneitanlega komin nokkur spenna í hópinn, án þess þó að menn færu að fagna of snemma. Á laugardagskvöldinu var svo komið að stóru stundinni en þá var tilkynnt við hátíðlega athöfn að Reykjanes Geopark væri 66. alþjóðlega vottaði Geoparkinn í Evrópu. Um er að ræða samtök svæða sem eru jarðfræðilega merkileg. Samtökin njóta stuðnings UNESCO, Mennta-, menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna. Laugardaginn 20. september var svo tilkynnt formlega að Reykjanes Geopark hefði einnig fengið aðild að GGN, eða Global Geoparks Network.

Siggeir F. Ævarsson, upplýsinga- og skjalafulltrúi Grindavíkurbæjar.

Þúsund vatna landið, Finnland.

Athygli vakin á merku samspili byggðar og eldgosa í Húshólma

Þeir sem ekið hafa Suðurstrandarveginn síðustu vikur hafa tekið eftir fræðsluskiltum sem upp eru komin við Húshólma. Uppsetning fræðsluskiltanna er samstarfsverkefni Grindavíkurbæjar, Minjastofunar og Reykjanes Geopark.

Hópur á vegum alþjóðlegu sjálfboðaliðasamtakanna SEEDS kom skiltunum fyrir í lok ágúst. Hópurinn dvaldi viku í Grindavík og sinnti einnig verkefnum innanbæjar.

Húshólmi er einn merkilegasti minjastaður landsins en þar er að finna afar merkilegar fornminjar. Hólminn er svokallaður óbrinnishólmi í Ögmundarhrauni, niður undir sjó og opnast niður í sjó. Í hólmanum eru mannvistarleifar sem eru eldri en hraunið sem rann árið 1151, m.a. tveir fornir torfgarðar sem hraunið hefur runnið upp að og yfir. Annar þeirra var hlaðinn fyrir árið 871, er landnámsöskulagið féll, og því eitt elsta mannvirki sem fundist hefur í landinu. Þar má einnig finna húsatóftir sem hraunið hefur runnið að stórum hluta yfir, líklega af stórum bæ og kirkju. Því er haldið fram að þar hafi Krýsuvíkurbærinn staðið frá upphafi fram að gosi áður en hann var fluttur á núverandi stað.

Gönguleiðin frá bílastæðunum við Suðurstrandarveg í Húshólma og meðfram strönd-inni til baka tekur 2-3 klukkustundur. Fjögur skilti voru sett upp við bílastæðið, eitt við Húshólmastíg og tvö í hólmanum sjálfum.

Miðstöð Símenntunar - Haustdagskrá

Haustönnin er að fara af stað hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og verður framboðið fjölbreytt í Grindavík á önninni.

Að vanda verður kennd **íslenska fyrir útlendinga** á nokkrum stigum og væntum við þess að töluverð þátttaka verði í íslenskunámi í vetur líkt og síðasta vetur.

Einnig er verið að skoða nýja námsskrá sem kallast **Að lesa og skrifa á íslensku** sem er ætluð fólki af erlendum uppruna sem er 20 ára og eldra, glímir við ólæsi og hefur hug á að læra eða þjálfa lestur og skrift á íslensku.Tilgangur námsskráarinnar er að koma til móts við innflytjendur á Íslandi sem eru ólæsir á latneska letrið eða hafa litla skólagöngu að baki og þurfa sérúrræði utan hefðbundinna íslenskunámskeiða til að læra og þjálfa lestur og skrift. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri grunn í lestrar- og skriftartækni, þekki og þjálfi íslensk málhljóð og framburð og efli þannig sjálfstraust sitt. Þeir sem þekkja til aðila sem mögulega hefðu áhuga fyrir slíku námi eru beðnir að hafa samband svo við getum séð hvort við náum að mynda nægilega stóran hóp til að fara af stað með slíkt nám.

Hollt mataræði og heilbrigður lífsstíll er stutt og skemmtilegt námskeið, kennt á þremur kvöldum, þar sem farið verður yfir hvað er hollt mataræði og áhrif mataræðis og máltíða á daglega líðan okkar. Einnig verður kennt á umbúðamerkingar, umbúðalæsi og magnvitund.

Heilbrigður lífsstíll helst gjarnan í hendur við hollt, fjölbreytt og gott fæðuval og leiðbeinandi námskeiðsins Klemenz Sæmundsson er hokinn af reynslu hvað allt þetta varðar.

Skissuteikningar er þriggja kvölda námskeið í skissuteikningum þar sem kennd verður uppbygging teikninga, tækni og aðferðir. Námskeiðið er sniðugt fyrir þá sem vilja bæta sig eða læra tökin á skissuteikningum. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Jón Ágúst Pálmason, grafískur hönnuður og myndskreytir, en hann hefur starfað sem hönnuður og myndskreytir fyrir fjölda auglýsingastofa undanfarin ár ásamt því að hafa reynslu af myndlistarkennslu á ýmsum skólastigum.

Bútasaumur er að koma sterkur inn á ný eftir að hafa fallið í skuggann af öðrum hannyrðum á undanförnum misserum. Við stefnum á að bjóða fjögurra kvölda námskeið í bútasaumi þar sem þátttakendur koma með verkefni og efni að eigin vali og vinna undir leiðsögn leiðbeinanda. Kennd verður tækni við að sníða/skera niður í búta, svo er unnið undir leiðsögn og leiðbeint við lokafrágang. Áætlað er að námskeiðið verði haldið í október.

Silfursmíði – Sandsteypa er spennandi námskeið þar sem þátttakendur fá að hanna og smíða hálsmen í vax sem þeir síðan taka mót af í sérstökum sandi. Svo er silfur brætt og hellt í mótin, hreinsað og fægt. Loks fá þátttakendur að taka menið með sér heim. Námskeiðið verður kennt á einni helgi, dagana 10 og 11. október. Leiðbeinandi verður Þorgrímur Kolbeinsson (Toggi).

Í aðdraganda jólanna er gaman að útbúa eigið jólaskraut. Kjörið tækifæri til að komast í jólagírinn gefst í nóvember á námskeiðinu **Heklað jólaskraut** en þar læra þátttakendur að hekla jólaskraut og velja á milli eftirfarandi verkefna:

- Heklaðar jólakúlur
- Hekluð snjókorn
- Hekluð jólasería

Skráning í námskeiðin er opin á heimasíðu MSS www.mss.is

Allar nánari upplýsingar um námsframboð MSS í Grindavík gefur Ragnheiður Eyjólfsdóttir verkefnastjóri í síma 412-5967 eða í tölvupósti á *ragga@mss.is*

GRINDAVÍKURBÆR

JÁRNGERÐUR - *Fréttir af bæjarmálefnum*

3. tbl. 2015

Ritstjóri og umbrot: *Þorsteinn Gunnarsson* **-** ***Blaðamaður og ljósmyndir:*** Siggeir Fannar Ævarsson
Aðrar myndir: Kristín Gísladóttir, Rósa Signý Baldursdóttir o.fl. ***Prentun:*** *Stafræna prentsmiðjan.*

Leynisbrún 1

Vesturhóp 16

Umhverfisverðlaunin 2015

Umhverfisverðlaun Grindavíkurbæjar fyrir árið 2015 voru afhent við hátíðlega athöfn í bæjarstjórnarsal Grindavíkur þann 8. september síðastliðinn. Dómnefnd umhverfisverðlaunanna er umhverfis- og ferðamálanefnd sem hafði úr vöndu að ráða þetta árið en garðarnir sem tilnefndir voru voru hver öðrum glæsilegri. Tíðarfar hefur verið með ágætum í Grindavík þetta sumarið og fjölmargir garðar sem stóðu í miklum skrúða í sumarlok. Eftir vettvangsferð og töluverðar vangaveltur nefndarinnar voru eftirfarandi garðar verðlaunaðir:

Verðlaun fyrir fallegan og gróin garð: Leynisbrún 1, eigendur Elísabet Sigurðardóttir og Daníel Júlíusson. Mikil vinna hefur verið lögð í ræktun að Leynisbrún 1 í langan tíma og er trjágróðurinn orðinn ótrúlega þéttvaxinn og fallegur. Þegar Grindvíkingar byrjuðu að planta trjám fyrir nokkrum áratugum heyrðust margar efasemdaraddir og voru fjölmargir sannfærðir um að hér myndi trjágróður aldrei þrífast. Garðurinn að Leynisbrún 1 er lifandi sönnun þess að þeir svartsýnismenn sem héldu þessu fram höfðu heldur betur rangt fyrir sér

Verðlaun fyrir fallegan og gróin garð: Mánagata 21, eigandi Ingibjörg Reynisdóttir. Garðurinn að Mánagötu 21 var sá garður sem greip dómnefndina strax. Stílhreinn og snyrtilegur og afar vel við haldið. Myndin sem fylgir þessari frétt gefur þó kannski ekki rétta mynd af honum þar sem bakgarðurinn er hápunktur hans. Áhugasamir verða því einfaldlega að banka uppá hjá Ingu og fá að skoða hann með eigin augum.

Verðlaun fyrir vel heppnaða ræktun við erfiðar aðstæður: Vesturhóp 16. Við Vesturhóp 16 blómstrar mikill gróður, ekki bara í garðinum sjálfum heldur líka í hrauninu um kring. Hjónin Þórey Gunnþórsdóttir og Guðgeir Helgason hafa á undraskömmum tíma umbreytt landslaginu í kringum sig í gróðurvin en þeir sem þekkja til aðstæðna í Hópshverfinu vita að þar getur stundum blásið hressilega enda hverfið á endimörkum bæjarins og norðanáttin lendir þar óbeisluð. Það er þó ekki að sjá á gróðrinum í kringum húsið að Vesturhópi 16.

Verðlaun fyrir vel heppnaða endurgerð á gömlu húsi: Geo hótel. Það geta sennilega allir Grindvíkingar verið sammála um að umbreyting á Festi sé ótrúlega vel heppnuð. Þetta fyrrum glæsta hús sem hafði staðið autt og ónotað um árabil hefur nú verið hafið á ný til fyrri vegs og virðingar. Ágúst Gíslason er maðurinn á bakvið þessar breytingar en hann keypti húsið og tók það í gegn frá A-Ö. Nú hýsir það hið glæsilega Geo hótel sem ferðamenn hafa tekið opnum örmum og láta afar vel af bæði aðstöðu þar og þjónustu. Hið nýja Geo hótel er mikil lyftistöng fyrir ferðamennsku í bænum og Grindvíkingar geta á ný verið stoltir af þessu bæjarprýði í hjarta bæjarins sem nú iðar af lífi á ný. Hótelstýran Lóa Bergljót Þorsteinsdóttir veitti viðurkenningunni móttöku.

Mánagata 21

Glæsilegt Geo hotel sem opnaði í vor eftir gagngerar endurbætur á gamla félagsheimilinu Festi. Á myndinni að neðan má sjá Festi fljótlega eftir að það var opnað fyrir rúmum fjóratugum. Á myndinni til hægri eru Gunnar Baldurs-son formaður umhverfis- og ferðamálanefndar og Lóa Bergljót Þorteinsdóttir frá Geo hotel